


8. tbl. 6. árg. föstudagur 1. júní 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós









MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf. Álafossvegi 18, sími: 694-6426 **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Hilmar Gunnarsson **Blaðamenn:** Ágúst B. Linn og Ruth Örnólfsdóttir

Umbrot og hönnun: Mosfellingur Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 22. júní

Mun ekki sakna reyksins

Ég fagna því að frá og með deginum í dag munu reykingar verða bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum. Óbeinar reykingar eru mönnum ekki bjóðandi

til lengdar. Loksins
getur maður
farið á kaffihús
og fengið sér
bolla án þessa
að fólk sé púandi óþverra
út í loftið.
Reykingabann þetta
er að
miklu
leyti

ætlað til þess að vernda starfsfólk staðanna fyrir reykingunum. Ég á það til að bregða mér í það

hlutverk og skemmta fólkinu með söng og gítarglamri. Það verður því ágætt að geta dregið loksins almennilega andann á milli laga og losnað við að sitja fastur í reykmettuðu

lofti út í horni. Komandi svo heim angandi eins og öskubakki. Fólk getur líka bara hætt þessum óþverra og drepið í. Allavega kem ég ekki til með að sakna reyksins. Fáum okkur alvöru frískt loft.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Reykjavegi 36 Sími 566 6103

www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...begar bessir ungu drengir voru sigursælir í knattspyrnunni. Yngri flokkastarfið hjá Aftureldingu hefur lengi gefið af sér afburðaíþróttamenn ásamt því að gefa fjölmargar ógleymanlegar minningarnar. Myndin er tekin af 7. flokki karla árið 1993. Strákarnir unnu vormót Fram og Viðeyjar og sjást þarna stoltir með verðlaunapening. Frá vinstri í efri röð: Andrés, Jón Sveinbjörn, Hrafn, Daníel, Davíð, Halldór og Atli. frá vinstri í neðri röð: Sigurjón, Magnús, Kristján, Reynir Ingi og Reynir Smári.

Myndin er fengin úr íþróttahúsinu að Varmá.





HÉĐAN OG ÞAÐAN







FERMINGARMYNDIN hennar Elinar

Elín Pálmadóttir: "Ég man nú kannski ekki mikið eftir deginum en ég man að ég var að kafna úr gelgju á þessum tíma og allir að fara úr límingunum heima. Mamma og pabbi búin að tæma húsið, smíða yfir svalirnar og troðfylla herbergi af borðum og stólum. Rúmlega 100 manna veisla. Svenni móðurbróðir eldaði svo læri í nánast öllum nærliggjandi eldhúsum.

Á meðan fjölskyldan fór til kirkju fékk óþekktarormurinn, bróðir minn, ekki að koma með. Honum datt svo í hug að fara í fótbolta inni í bílskúr innan um fermingarterturnar, þarf ég að segja meira?

Nína bjargvættur kom svo til bjargar með kökur úr kistunni. Dagurinn endaði að sjálfsögðu vel eftir að ég fékk loksins að taka upp pakkana!"



www.fastmos.is Sími: 586 8080

Kjarna, Þverholti 2 Mosfellsbæ

EINAR PÁLL KJÆRNESTED Löggiltur fasteignasali



Bjartahlíð – 3ja herb.

Erum með fallega og bjarta 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Björtuhlíð 13 í Mosfellsbæ. Í íbúðinni er mjög rúmgóð stofa og borðstofu, eldhús með borðkrók, tvö stór svefnherbergi með skápum, flísalagt baðherbergi m/sturtu og þvottahús/geymsla inni í íbúðinni. Skóli, leikskóli og sundlaug í næsta nágrenni. Íbúðin getur verið laus til afhendingar mjög fljótt.

Verð kr. 24,9 m.



Þverholt - 114,3 m2 íbúð

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 114,3 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar. Stór stofa, eldhús m/ borðkrók, hjónaherbergi m/fataherbergi, gott barnaherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtu, sér þvottahús. Verð aðeins 205.600 kr. pr m2. Þetta er stór og björt íbúð á góð verði í miðbæ Mosfellsbæjar.



Barrholt - 225 m2 einbýlishús

Fallegt 224,7 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr og vinnustofu við Barrholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða "hefðbundið" 174 m2 einbýlishús í Mosfellbsæ, en á síðasta ári var byggt við húsið 50 m2 vinnustofa sem eftir er að fullklára. Hún gæti einnig vel nýst sem stór bílskúr, unglingaherbergi eða aukíbúðarrými. Frábær staðsetning, rétt við alla þjónustu og skóla.

Verð kr. 46,9 m.



Esjugrund – einbýli á sjávarlóð

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 220,3 m2 einbýlishús á einstakri sjávarlóð við Esjugrund 55 á Kjalarnesi. Þetta er fallegt hús, byggt árið 1985. 4 svefnherbergi, stórt eldhús, stofa, borðstofa og stórt baðherberg. Sérlega glæsilegt útsýni er frá húsinu, Esjan að norðanverðu og sundin og höfuðborgarsvæðið að sunnanverðu. Verð kr. 39,8 m.



Lindarbyggð - Glæsilegt parhús

Til sölu mjög glæsilegt 177,1 m2 parhús á einni hæð á fallegum stað í lokuðum botnlanga í Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt og mjög bjart og rúmgott. Stór stofa með góðri lofthæð og borðstofa við hlið eldhúss. 4 góð svefnherbergi, sjónvarpshol og glæsilegt baðherbergi. Bílskýli hefur verið lokað af og gæti vel nýst sem t.d. unglingaherbergi. Fallegur suðurgarður og hellulagt bílaplan. Verð kr. 41,8 m.



Helgaland - 184 m2 parhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 184 m2 parhús á tveimur hæðum við Helgaland 1 í Mosfellsbæ. Komið er að efri hæð, en þar er eldhús, stofa, gestasalerni og bílskúr. Á jarðhæð eru 5 svefnherbergi, baðherbergi og geymsla. Húsið þarfnast endurbóta og lagfæringar. Húsið stendur á hornlóð og er mjög fallegt útsýni frá húsinu til suðurs. Verð kr. 39,9 m.



Litlikriki 28 – 219 m2 einbýli

Erum með tvö 219,2 m2 einbýlishús í byggingu, með TVÖFÖLDUM bílskúr í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsin eru staðsteypt hús á einni hæð með hefðbundnu timburþaki, með alzink bárujárni. Íbúðin er 177,0 m2 og bílskúrinn er 42,2 m2. Verð 38,4 m.v. fokhelt, með grófjafnaðri lóð, gluggar glerjaðir og þakkantur frágenginn.

Verð 43,7 m. m.v. tilbúið undir tréverk.



Blikahöfði - 4ra herb.

Falleg 100,4 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýmáluðu fjölbýlishús við Blikahöfða 3 í Mosfellsbæ. Nýlegt eikarparket og flísar á gólfum og stór og rúmgóð stofa. Stórar suðursvalir með finu útsýni og mjög stutt í glæsilega sundlaug. Leikskóli, skóli, golfvöllur og fallegar gönguleiðir rétt við húsið. Íbúðin getur verið til afhendingar í júní.



Litlikriki – Raðhús í byggingu

2 HÚS EFTIR

4ra íbúða raðhúsalengja til sölu við Litlakrika 16-22 í Mosfellsbæ. Húsin eru á einni hæð og eru 154 m2 að stærð með bílskúr. Húsin afhendast rúmlega fokheld, þ.e. auk fokheldis, verða útveggir einangraðir og tillbúnir undir sandspartl og þak verður einangrað og rakavarið.

Verð kr. 30,5 m.



Víðiteigur - 173,7 m2 einbýlishús

173,7 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á fallegum stað við Víðiteig í Mosfellsbæ. 3-4 svefnherbergi, eldhús, stofa, sólskáli, baðherbergi og þvottahús. Falleg aðkoma er að húsin og gróinn garður, bílastæði hellulagt og timburverönd með heitum potti.



Einbýlishúsalóðir í Mosfellsbæ

Lóðir til sölu Vorum að hefja sölu á nokkrum einbýlishúsalóðum á svæði 1A í Leirvogstungu. Verð frá 13,5 milljónir með gatnagerðagjöldum. TiLBOÐUM VERÐUR SVARAÐ INNAN 24 KLST. Þetta er eitt af fallegustu byggingarlöndum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvogsá og Köldukvisl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýlsi-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur á Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Spóahöfði - 179,6 m2 endaraðhús

Fallegt 179,6 m2 endaraðhús með bílskúr við Spóahöfða 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 150,5 m2 með 3 svefnherbergjum, stórri stofu/ borðstofu, eldhúsi með borðkrók, baðherbergi m/kari, stóru sjónvarpslofti og þvottahúsi. Innangengt í 29,6 m2 bílskúr. Þetta er björt eign með mikilli lofthæð á góðum stað í Mosfellsbæ

Verð kr. 43,5 m.



9,7 ha land í Mosfellsdal

9,7 hektara land á fallegum stað í Mosfellsdalnum. Rammaskipulag á þessum stað í Mosfellsdalnum gerir ráð fyrir ca. 1 hektara lóðum undir einbýlishús ásamt hesthúsum/gróðurhúsum. Suðurá liggur meðfram landinu að austanverðu og Æsustaðafell er að sunnanverðu. **Verð kr. 65,0 m.** Kostur 2 uppfyllir best markmið um samgöngur við Helgafellshverfi án þess að valda mikilli röskun á umhverfisgæðum

Umhverfisskýrsla staðfestir Helgafellsveg

Ráðgjafafyrirtækið Alta hefur gert umhverfisskýrslu vegna deiluskipulags Helgafellsvegar í samræmi við kröfur 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Tilgangur skýrslunnar er að bera umhverfisáhrif mismunandi valkosta við deiluskipulagið og setja fram mat á umhverfisáhrifum.

Tillaga að deiliskipulagi tengibrautar að landi Helgafells var auglýst sumarið 2006. Í kjölfar athugasemda voru gerðar breytingar í þá veru að vegurinn var lækkaður og aðlagaður betur að landi og var deiluskipulagið samþykkt þannig í desember 2006. Í ársbyrjun 2007 komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að deiliskipulagið félli undir ákvæði nýrra laga um umhverfismat áætlana. Í ljósi þeirrar niðurstöðu felldi bæjarstjórn fyrri samþykkt deiliskipulags úr gildi og ákvað að láta vinna umhverfisskýrslu og auglýsa skiplagið aftur.

Fimm kostir skoðaðir

Bornir voru saman fimm kostir og tillit tekið til eftirfarandi umhverfissþátta: hljóðvist, loft- og vatnsgæði, náttúru- og menningarminjar, landnýting, samgöngur, ásýnd og einkenni svæðis og að lokum eignir/ efnisleg verðmæti.

Kostina má sjá hér til hliðar.



Helstu niðurstöður:

Í niðurstöðukafla umhverfisskýrslunnar segir:

Í heild virðist kostur 2 uppfylla best markmið um samgöngur við Helgafellshverfi og aðliggjandi byggð, án þess að valda mikilli röskun á umhverfisgæðum í byggð og á útivistar- og verndarsvæðum. Sú niðurstaða byggir á því að vandað verði til allrar útfærslu við hönnun götunnar og landslagshönnunar umhverfis hana, með það að markmiði að hanna vistlega götu sem samsvarar umhverfi sínu

Einnig byggir niðurstaðan annarsvegar á því að markmiðið sé að tryggja sem stystar og greiðastar leiðir á milli bæjarhluta og hinsvegar því að Varmá og umhverfi hennar er þegar undir meira álagi og meira raskað á kaflanum milli Vesturlandsvegar og Álafosskvosar, heldur en á svæðinu þar fyrir ofan. Þessvegna er mannvirkjagerð og rask á neðra svæðinu ekki talið vega eins þungt eins og röskun á umhverfi og umgjörð Varmár ofar (austar).

- Engin kostanna er líklegur til að

hafa veruleg áhrif á hljóðvist.

- Enginn kostanna er líklegur til að hafa veruleg áhrif á loft- og vatnsgæði.
- Kostir 1 og 5 hafa staðbundin áhrif á landnýtingu.
- Kostir 1 og 2 gefa báðir kost á góðri tengingu við hverfið í tilliti til samgangna. Kostir 3, 4 og 5 myndu hafa í för með sér nokkuð eða talsvert lengri akstursvegalengdir.
- Kostur 1 mun hafa mest áhrif á ásýnd byggðar, en kostir 2, 4 og 5 fyrst og fremst áhrif á ásýnd opinna svæða
- Ekki er talið að neinn kostanna sé líklegur til að hafa veruleg áhrif á eignir eða efnisleg verðmæti í nærliggjandi byggð
- Áhrif tengibrautarinnar einnar og sér verður mun minni en áhrif af fyrirhugaðri íbúðarbyggð umhverfis brautina.

Bæjarstjórn hefur samþykkt deiliskipulagið og verður það nú auglýst að nýju ásamt umhverfisskýrslu. Umhverfisskýrsluna má finna í heild sinni á www.mos.is



Kostirnir sem voru skoðaðir

Kostur 1: Tillaga að deiliskipulagi Helgafellsvegar, sem auglýst var og afgreidd árið 2006.

Kostur 2: Breytt útfærsla Helgafellsvegar, sem liggur lægra í landi, með lægri umferðarhraða og breyttri tengingu við Álafosskvos.

Kostur 3: Núll-kostur, þ.e. ekki gert ráð fyrir Helgafellsvegi, þannig að eingöngu séu tengingar við Helgafellshverfi um tengibraut frá Þingvallavegi og tengibraut úr austri frá Hafravatnsvegi.

Kostur 4: Sama og kostur 3, en jafnframt sé gert ráð fyrir nýrri götu austan Álafosskvosar sem tengi Helgafellshverfi við Álafossveg. Þann 21. apríl 2007 kynntu Varmársamtökin tillögu sína að breyttum tengingum við Helgafellshverfi og var ákveðið að bæta þeirri tillögu við sem kosti í umhverfismatinu.

Kostur 5: Ekki gert ráð fyrir Helgafellsvegi. Gert ráð fyrir færslu Þingvallavegar og gatnamóta hans við Vesturlandsveg til suðurs, að norðurmörkum Ásahverfis og tengingu við Helgafellshverfi þaðan. Jafnframt gert ráð fyrir nýrri götu austan Álafosskvosar sem tengi Helgafellshverfi við Álafossveg.

Haraldur Sverrisson

Helgafellsvegur besti kosturinn

"Það er virkilega ánægjulegt að það skuli vera búið að fara yfir þetta mál

með þeim hætti sem gert hefur verið. Hér er um vandaða skýrslu að ræða enda var lagt upp úr því að vanda til verksins og í raun að leggja meira í það en lögin um umhverfismat skipulagsáætlana kalla eftir. Var það gert vegna þess að um þetta verkefni hafa verið deilur og því gott að rannsaka málið eins vel og nokkur kostur er. Mér er það til efs að nokkurt skipulagsverkefni í bæjarfélaginu fyrr eða síðar hafi verið rannsakað og skoðað eins mikið sem lagning Helgafellsvegar. Niðurstaðan er ljós. Sá kostur sem bærinn hefur verið að vinna með er metinn sá besti bæði út frá umhverfislegum og samgöngulegum sjónarmiðum. Það er ánægjulegt að það skuli vera staðfest með þessum hætti. Það er von mín að í framhaldinu skapist um þetta verkefni sem mest sátt. Nú verður deiluskipulagið auglýst ásamt umhverfisskýrslunni og þá hafa íbúar kost á því að gera athugasemdir eins og lög gera ráð fyrir. Á næstunni verður síðan haldinn kynningarfundur fyrir íbúa um efni skýrslunnar."

Haraldur Sverrisson formaður skipulagsog byggingarnefndar

Jónas Sigurðsson

Allt í áttina

"Þessi samanburður er í áttina en það höfum við í Samfylkingunni verið að biðja um í heilt ár. Þ.e.a.s að mismunandi kostir væru

bornir saman með raunhæfum hætti. Við fögnum því þessari skýrslu. Kostur 5 án brúartengingar yfir Varmá ofan Álafoss, sem ég óskaði eftir að yrði metinn, kemur eingöngu fram í texta en mér finnst hann þess virði að vera skoðaður nánar. Varðandi það hvernig menn meta niðurstöðurnar geta menn fengið mismunandi niðurstöður út frá áherslum sem menn hafa. Ýmist út frá umhverfissjónarmiðum með tilliti til umhverfis Varmár eða með tilliti til samgangna við Helgafellshverfið. Svo á eftir að koma í ljós hvort sumir þessara kosta séu í raun tæknilega mögulegir en ákveðið hefur verið að það verði skoðað. Það er forsenda í mínum huga að tengingin við miðbæinn skv. kosti 2 sé í gegnum hringtorg, eigi hann að koma til greina, en ekki með mislægum gatnamótum þar sem tengibrautin fer undir Vesturlandsveg og síðan á brú yfir Varmá og upp með Brúarlandi og Hlégarði. Spurningin er hvort eigi að víkja verri vegtenging eða umhverfið við Varmána" sagði Jónas Sigurðsson bæjarfulltrúi Samfylking-



Marteinn Magnússon

Fagna útkomu skýrslunnar

"Ég fagna útkomu skýrslunnar og tel að hlutirnrir séu á réttri braut. Ég er sáttur við niðurstöðurn-



ar miðað við stöðuna eins og hún er í dag. Reyndar hef ég ákveðnar áhyggjur af hljóðvist og öðru en tel þetta skásta kostinn. Ég býst við að athugasemdir berist þegar deiliskipulagið verður auglýst að nýju, og tel ég það nokkuð öruggt. Ef góðar athugasemdir koma fram ber að skoða þær vel og vandlega. Annars gott innlegg inn í málefnalega umræðu" sagði Marteinn Magnússon bæjarfulltrúi Framsóknar.

Karl Tómasson

Niðurstaðan kemur ekki á óvart

"Eftir þær breytingar sem gerðar voru á fyrirhugaðri tengibraut á síðasta ári var ég aldrei í vafa um að hún væri besta leiðin inn í hverfið. Þessi umræða hefur verið á köflum meiri og ómálefnalegri en góðu hófi gegnir og oftar en ekki byggð á miklu þekkingarleysi. Eins og fram kemur í skýrslunni



er þetta einfaldlega besta leiðin fyrir umhverfið jafnt sem alla bæjarbúa. Þegar það tvennt fer saman hlýtur það að vera besti kosturinn." sagði Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar. Sigrún Pálsdóttir

Vonbrigði fyrir Varmársamtökin

"Í heildina litið eru þetta vonbrigði, við höfum lagt á það áherslu að fagleg úttekt væri gerð á hinum ýmsu umhverfisáhrifum. Engu var hins vegar bætt við það sem þegar var fyrir hendi. Skýrslan er því forstigið að hinu raunverulega mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ekki er búið að reikna út hljóðstigið og ekki búið að hanna mótvægisaðgerir, meðan það er ekki gert þá er ekki hægt að draga þessa ályktun. Skýrslan er mjög yfirborðleg og við erum ósátt við það að ekkert samráð var haft við okkur og upplýsingar frá okkur voru ekki notaðar þannig að þau



eru með rangar forsendur. Það er ekki tillaga Varmársamtakanna að þvera Varmá, en við setjum hana inn til að sýna það sem er á aðalskipulagi og finnst sjálfsagt mál að fólk viti það. En hún er tekin af tillögum Mosfellsbæjar á tillögum 1 og 2 og því eru í raun forsendur falsaðar. Við höfum þann lýðræðislega rétt að gera við þetta athugasemdir sem við munum gera og koma okkar sjónarmiðum á framfæri." sagði Sigrún Pálsdóttir, stjórnarmaður Varmársamtakanna.






LEIKGLEÐI 2007

ÇÖTULEIKHÚS FYRIR KRAKKA Á ÖLLUM ALDRI. 15. JÚNÍ, KL. 16:00 - 18:00 OG 16. JÚNÍ, KL. 15:00 - 18:00. kr. 500,-

Á námskeiðinu læra krakkar ýmsar götuleikhúsæfingar, læra að ganga á stultum og kasta boltum. Hver og einn finnur sinn karakter sem hann leikur í skrúðgöngunni og á bæjarhátíðinni þann 17. júní Leiðbeinendur: Agnes Þorkelsdóttir Wild, Sigrún Harðardóttir, Egill Kaktus Þorkellson Wild og fleiri.

LEIKGLEÐI 6 - 9 ÁRA . 11. - 15. JÚNÍ & 16. - 21. JÚLÍ, KL. 14:00 - 16:00 (1 vika). kr. 3000,-Á námskeiðinu verður farið í íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Nemendur læra helstu leiklistaræfingar og leiki, þjálfast í framkomu og framsögn og efla sjálfstraust. Einnig búa nemendur til hljóðfæri sem notuð eru í sýningunni. Námskeiðið endar með sýningu fyrir fjölskyldu og vini. Sýningin frá fyrra námskeiðinu verður sýnd á sviðinu á bæjarhátíðinni þann 17. júní.



Sambærilegt fyrri námskeiðum nema að þetta er þrjár vikur og unnið verður með uppsetningu á Ofvitanum eftir William Shakespare í barnauppfærslu.

Leiðbeinendur: Sigrún Harðardóttir og Agnes Þorkelsdóttir Wild.

LEIKGLEÐI 10 - 12 ÁRA. **18. - 29. JÚNÍ & 2. - 13. JÚLÍ, KL. 16:00 - 18:00 (2 vikur). kr. 5000,-** Á námskeiðinu gera nemendur leikhúsgrímu sem er mótuð á þeirra andlit. Með grímuna á andlitinu eru þau annar persónuleiki. Unnið verður með persónusköpun, framsögn, framkomu og sjálfstraust auk þess sem farið verður í traust- og leiklistaræfingar. Námskeiðið endar með sýningu fyrir fjölskyldu og vini.

25. JÚLÍ - 24. ÁGÚST, KL. 15:00 - 17:00 (4 vikur). kr. 7000,-

Sambærilegt fyrri námskeiðum nema að þetta er fjórar vikur og unnið verður með uppsetningu á Ofvitanum eftir William Shakespare í barnauppfærslu.

Leiðbeinendur: Sigrún Harðardóttir og Agnes Þorkelsdóttir Wild.

LEIKGLEÐI 13 - 16 ÁRA . 18. - 29. JÚNÍ & 2. - 13. JÚLÍ, KL. 18:00 - 20:00 (2 vikur). kr. 5000,-Á námskeiðinu læra nemendur hinar ýmsu tegundir spuna og farið verður í leiklistarleiki og æfingar. Einnig verður framkoma, framsögn og sjálfstraust eflt og í lok námskeiðs, sem er tvær vikur, verður spunamaraþon sem fjölskyldu og vinum er boðið á. Leiðbeinendur: Anges Þorkelsdóttir og Sigrún Harðardóttir.

16. JÚLÍ - 24. ÁGÚST, KL. 17:00 - 20:00 (5 vikur). kr. 8000,-

Leiklistaræfingar þar sem unnið er með athygli, einbeitingu, þor og traust, höft og líkamann. Jákvæðni,hópefling og leikgleði í fyrirrúmi. Unnið verður með leiksýninguna Ofvitinn eftir William Shakespare í fullri lengd.

Leiðbeinandi: Ólafur S.K. Þorvaldz

SKRÁNINGAR Í SÍMA 566 7788. Sjá nánar á heimasíðu www.leikmos.is

















Ragnheiður á þing

Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri var eini Mosfellingurinn sem kosinn var til setu á Alþingi næstu fjögur árin. Ragnheiður skipaði 6. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi. Ragnheiður hefur verið bæjarstjóri síðan 2002. Haraldur Sverrisson, formaður bæjarráðs, mun taka við sem bæjarstjóri í haust þegar Ragnheiður tekur sæti á Alþingi í haust. Ragnheiður mun hinsvegar starfa áfram í bæjarstjórn samhliða þingsetu.



Hætt komin í Lágafellslaug

Tveggja ára stúlka var hætt komin þegar hún var að leika sér í rennibrautunum í Lágafellslaug þann 29. maí. Stúlkubarnið renndi sér niður en kom ekki aftur úr kafi. Sundlaugargestur sá til hennar og kom henni upp á sundlaugarbakkann þar sem starfsmaður laugarinnar framkvæmdi lífgunaraðgerðir. Vel gekk að endurlífga barnið og það sent til öryggis á spítala.

Fjögur ungmenni fengu á dögunum styrk frá Mosfellsbæ til þess að leggja ástund við íþrótt eða listgrein sína. Styrkurinn felur í sér tveggja mánaða laun og nýtist ungmennunum vel til þess að eflast enn betur og verja tíma sínum í iðkun í sumar. Þau Kristján Þór Einarsson kylfingur í GKJ, Árni Már Árnason sundmaður, Gréta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari og Guðný Óðinsdóttir knattspyrnukona hlutu styrki að þessu sinni en betta er í annað sinn sem Mosfellsbær styrkir ungmenni á aldrinum 16-20 ára með þessum hætti.

Frá vinstri: Hafsteinn Pálsson formaður íþrótta- og tómstundamála, Kristján Þór, Árni Már, Gréta Salóme og Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri. Á myndina vantar Guðnýju Óðinsdóttur.





Ragnhildur Bergþórsdóttir er nýr eigandi hárgreiðslustofunnar Pílus. Ragnhildur hefur starfað á Pílus undanfarin sjö ár og hefur nýlokið meistaranámi í hárgreiðslu. Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrverandi eigandi, kemur til með að starfa áfram á stofunni. Pílus er eitt af elstu fyrirtækjum bæjarins og átti 22 ára afmæli í maí. Smávægilegar breytingar koma til með að eiga sér stað og þ.á.m. kemur Sesselja Guðmundsdóttir aftur til starfa. "Við komum til með að leggja meira upp úr gjafatilboðum og svo erum við dugleg að fylgjast með því nýjasta í tískubransanum. Þjónustan hjá okkur er afar fjölbreytt og að sjálfsögðu eru allir aldurshópar velkomnir," sagði Ragnhildur við blaðamann.

Ragnhildur, nýi eigandi Pílusar, ásamt nema sínum, Eyrúnu

Önnu Emilsdóttur.

Fjöruhlaðborð á Vatnsnesi

Laugardaginn 23. júní verður ferð norður í V-Húnavatnssýslu og farið í kringum Vatnsnes með góðum leiðsögumanni.

Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 10, komið um hádegi í Staðarskála, því næst stoppað á Hvammstanga og haldið út á Vatnsnes. Áð verður á Gauksmýri í Línakradal í eftirmiðdagskaffi, og síðan kl. 19 verður farið í Fjöruhlaðborð í Hamarsbúð við Hamarsrétt. Verð kr. 8.200, innifalið er akstur, kjötsúpa, kaffi og meðlæti og fjöruhlaðborð. Tilkynna þarf þátttöku til Svanhildar fyrir 20. júní í síma 586-8014 e. hádegi og 692-0814.



ELDRI BORGARAR



Ferð í Gerðuberg

Ferð á sýningu í Gerðubergi verður þriðjudaginn 5. júní. Lagt af stað frá Hlaðhömrum kl. 13.

Akstur, verð kr. 1.000. Skráning til 4. júní í síma 586-8014 eftir hádegi.







Varmárskóli í Mosfellsbæ Tvær skólastjórastöður

Lausar eru tvær skólastjórastöður við Varmárskóla. Mosfellsbær hefur ákveðið að taka upp 2ja skólastjóra kerfi í stjórnun skólans. Í því felst að tveir skólastjórar fara sameiginlega með völd skólastjóra samkvæmt lögum, en skiptast á að vera formlegur ábyrgðaraðili út á við, eitt ár í einu.

Hér er á ferð ný sýn í stjórnun skóla er stefnir að því að byggja upp nútímalega stjórnun, sem hefur að leiðarljósi þátttökustjórnun og valddreifingu. Með þessum hætti er ætlunin að laga stjórnunarhætti að sífellt kröfuharðara umhverfi skólastjóra á Íslandi í dag. Gera þarf skóla þannig úr garði að svara megi sífellt auknum kröfum samfélags og sveitarfélags um þjónustu af margvíslegum toga og að kennslu- og námsumhverfi sé ávallt í fremstu röð. Mosfellsbær hefur á undanförnum árum lagt vaxandi áherslu á fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði stofnana sinna og er breyting á stjórn skólans liður í að styrkja þá þróun. Í kjölfar ráðninga er fyrirhugað að endurskoða skipurit skólans í samráði við nýja stjórnendur.

Varmárskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur í skólanum eru á yfirstandandi skólaári 696 og er gert ráð fyrir fjölgun á næstu árum. Í skólanum hefur blómstrað margvíslegt þróunarstarf á undanförnum árum og eru skilgreind um 20 mismunandi þróunarverkefni í skólanum.

Auglýst er eftir umbótasinnuðum og skilvirkum einstaklingum sem jafnframt hafa burði til að vera leiðtogar fyrir framsækna stofnun, með virkum, leitandi og skapandi kennurum sem hafa nemendur og þarfir þeirra ávallt í fyrirrúmi. Í stefnu skólans segir m.a. "Varmárskóli hefur það sem yfirmarkmið að hjálpa nemendum sínum að leita hinna æðstu lífsgilda, sem felast í virðingu fyrir öllu lífi og því umhverfi sem okkur er búið hvar sem við byggjum jörðina, læra að þekkja sjálfa sig og verða læsir á mannlegt umhverfi."

Leitað er að umsækjendum sem hafa:

- Kennaramenntun og kennslureynslu.
- Stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og sérstaka hæfni til samstarfs.
- Metnað í starfi og áhuga á skólaþróun og nýjungum.
- Framhaldsmenntun, t.d. á sviði stjórnunar og uppeldis- og kennslufræði.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um starfið.

- Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2007. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf auk annarra gagna sem málið varðar. Umsóknarfrestur er til 19. júní 2007.

Umsóknir berist:

Fræðslu- og menningarsviði Mosfellsbæjar Þverholti 2 270 Mosfellsbæ

Frekari upplýsingar um Varmárskóla er að finna á heimasíðu skólans **http://www.varmarskoli.is**. Upplýsingar um skólastjórastörfin gefur Björn Þráinn Þórðarson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs. Netfang: **bth@mos.is**

Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar

130 milljón króna tekjuafgangur

Ársreikningur Mosfellsbæjar árið 2006 var kynntur þann 9. maí á bæjarstjórnarfundi.
Rekstur sveitarfélagsins þótti takast vel á árinu og betur en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.
Tekjuafgangur

upp á 130 milljónir króna var af árinu og eiginfjárhlutfall var 33% og hefur því hækkað um 8% frá árinu 2002. Engin lán voru tekin á árinu og lækkuðu því skuldir við lánastofnanir. Farið var í ýmsar fjárfestingar á árinu og má þar m.a. nefna stækkun Lágafellsskóla, nýjan gervigrasvöll að Varmá og stækkun leikskólans Huldubergs.

Ný stjórn Stamos

Á aðalfundi Starfmannafélags Mosfellsbæjar (STAMOS) fyrir stuttu var kosin ný stjórn. Í henni sitja: Edda R. Davíðsdóttir formaður, Gísli



Snorrason, Helga Haraldsdóttir, Kristín Erlendsdóttir og Herdís Kristinsdóttir. Sveingerður Hjartardóttir lét af störfum sem formaður félagsins og þá hætti Margrét Björnsdóttir einnig störfum fyrir stjórnina.



Tökum þátt í umhverfisverkefni

Bæjarstjórn hefur ákveðið að taka þátt í umhverfisverkefninu Kolviður. Markmið þessa verkefnis er að hvetja til þess að kolefnisjafna útblástur samgöngutækja með skógrækt. Bærinn kemur því til með að leggja fé í sjóð Kolviðs sem notaður verður til þess að rækta nýja skóga í landinu. Þeir sem hafa áhuga á að leggja sitt að mörkum geta skoðað www. kolvidur.is.





Unnið í garðinum á blíðviðrisdegi

Viðja í stað Víðis

Feðgarnir Óli Kristinn Tryggvason og Tryggvi Ólafsson nýttu blíðviðrið á dögunum til þess að hreinsa til í garði sínum í Dalatanganum. Þeir feðgar voru að skipta út alaskavíði fyrir viðju. "Viðjan er mun fallegri og nýtur sín betur en víðirinn." sagði Óli við blaðamann. Sumarið er gengið í garð og gleðilegt að sjá bæjarbúa

huga að gróðrinum.

Mosfellsbær lét ekki sitt eftir liggja og stóð fyrir hreinsunarátaki í maí. Gáma fyrir jarðúrgang mátti sjá víðsvegar um bæinn og götur voru hreinsaðar. Mosfellingar er hvattir til þess að hreinsa í kringum húsin sín svo að bærinn skarti sínu fegursta þetta sumarið.



Hugljúfir tónleikar Álafosskórsins

Þann 9. maí hélt Álafosskórinn vortónleika á Bókasafninu. Kórinn flutti hugljúf lög undir dyggri stjórn Helga R. Einarssonar. Þá tóku þau Hans Jensson saxafónleikari og Kristjana Helgadóttir þverflautuleikari nokkur vel valin lög með kórnum. Tónleikarnir heppnuðust afar vel og fóru allir gestir heim með bros á vör, full af vorgleði.

Fræðslugöngur í boði Mosfellsbæjar

Mosfellsbær býður sveitungum upp á fræðslugöngur í sumar og er ein slík á morgun, 2. júní kl. 10, ferðin er vorferð Sögufélags Kjalarnesþings þar sem gengið verður Elliðaárdal en hann tilheyrði lengi vel Mosfellshreppi. Leiðsögumaður er Árni Hjartarson jarðfræðingur. Út júnímánuð verða svo ferðir á laugardögum og þar má nefna hjólreiðaferð 9. júní og Jónsmessureiðferð þann 23. júní.



LÖGREGLUFRÉTTIR

Fréttir líðandi stundar úr dagbók lögreglunnar



TÍMABIL 7. MAÍ - 29. MAÍ

Skemmdarverk

Þetta tímabil sem liðið er frá síðasta pistli er búið að vera með eindæmum rólegt hjá lögreglunni. Þó er eitt atvik sem er skelfilegt í raun en það eru þau skemmdarverk sem unnin voru á vinnutækjum hjá verktakafyrirtækinu Magna, sem sér um jarðvegsvinnu í hinu nýja hverfi í Helgafellslandi. Það er algjörlega óskiljanlegur verknaður og þeim sem að stóðu til ævarandi skammar. Það ná engin orð yfir slíkt atferli. Það er því áskorun og ósk lögreglunnar sem og eigenda tækjanna að allir sem eitthvað vita eða geta gefið hinar minnstu upplýsingar hafi samband við lögregluna. Þetta mál er til meðferðar hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en lögreglan í Mos. kemur öllum ábendingum á framfæri. Síminn er 444-1190

Hundahald

Lögreglan vill taka undir með þeim sem sér um netsíðu Mosfellsbæjar varðandi lausagöngu hunda hér í bæ. Hundahald er heimilt með ákveðnum skilyrðum og laus hundur er sá hundur sem ekki er í taumi. Það er sama hve vel hundurinn er vaninn, ef hann gengur taumlaus við hlið eiganda síns eða þess sem gætir hans í hvert sinn er hann laus, það er svo einfalt mál.

Mótmælin

Mõeins nokkur orð um mótmælin. Það eiga allir, hver og einn, rétt á að láta skoðun sína í ljós. Mótmæli á vettvangi er eitt tjáningarformið á slíku. Sá hængur fylgir þó slíkum mótmælum, að engum er heimilt að valda tjóni með því að ryðjast inn á afgirt lokuð vinnusvæði, stöðva vinnu og/eða vinna skemmdarverk. Réttasta leiðin í slíkum málum er eðlilega að fara lagaleiðina. Það er farsælasta leiðin og hefur oftast skilað bestum árangri, það er svo margt sem næst fram með þeirri leið.

Lögreglan vill vegna þessarar umfjöllunar taka það sérstaklega fram að með þessu er alls ekki verið að tengja skemmdarverkin sem unnin voru á tækjum Magna við þá mótmælendur sem mótmæltu ekki alls löngu, það er af og frá. Lögreglan ítrekar ósk sína um að fá upplýsingar varðandi þetta atvik.

Göngum með glöðum huga inn í komandi sumar og njótum þess.

Kveðja *Lögreglan í Mosfellsbæ*

LAUGARDAGUR TIL LUKKU

Alla laugardaga í júnímánuði verður efnt til útivistar í Mosfellsbæ og grennd sem hér segir:



Laugardagurinn 2. júní kl. 10–13

Vorferð Sögufélags Kjalarnesþings

Gönguferð um Elliðaárdal. Lagt verður af stað frá Árbæjarsafni (kirkjunni) kl. 10 og gengið um hinn sögufræga og fagra Elliðaárdal sem áður tilheyrði Mosfellshreppi. Leiðsögumaður: Árni Hjartarson jarðfræðingur.



Laugardagurinn 9. júní kl. 10–13

Hjólaferð fyrir alla fjölskylduna

Lagt af stað frá Varmárskóla kl. 10, hjólað meðfram Leiruvogi og Korpúlfsstöðum, síðan að Vesturlandsvegi, upp með Úlfarsá og niður í Reykjahverfi. Fararstjóri: Svava Ýr Baldvinsdóttir íþróttakennari.



Laugardagurinn 16. júní kl. 10-13

Þjóðhátíðarganga meðfram Varmá

Lagt af stað frá Reykjalundi kl. 10. Gengið niður með Varmá í gegnum Álafosskvos þar sem meðal annars verður sagt frá fánadeginum sem haldinn var hátíðlegur að Álafossi á árum áður. Gangan endar við Skiphól hjá hesthúsahverfinu og þaðan verður bílferð tilbaka að Reykjalundi. Leiðsögumaður: Guðmundur Jónsson á Reykjum.



Laugardagurinn 23. júní kl. 10- 17

Jónsmessureiðferð með sögulegu ívafi

Lagt af stað frá hesthúsahverfinu kl. 10 og riðið um Mosfellsdal, Torfdal og Seljadal og síðan meðfram Hafravatni niður í Reykjahverfi. Meðal annars verður áð við Dalsrétt, Nessel og Kambsrétt í Seljadal. Fararstjóri: Bjarki Bjarnason.



Laugardagurinn 30. júní kl. 10-13

Gönguferð á Helgafell

Lagt af stað frá Ásum norðan við Helgafell kl. 10. Meðal annars verða skoðuð stríðsmannvirki og gömul gullnáma. Leiðsögumaður: Guðjón Jensson.

Allir eru velkomnir í ferðirnar. Ekkert þátttökugjald.

Atvinnu- og ferðamálanefnd Mosfellsbæjar



Pennasafn til sýnis og getraunaleikur

Bjarnveig Höskuldsdóttir sýndi hluta af pennasafni sínu í safnaskápum Bókasafnsins fyrir stuttu. Safnið hennar telur vel yfir 2000 penna og hefur að geyma penna af ólíkum gerðum úr ýmsum áttum. Má þar rekja sögu fyrirtækja í Mosfellsbæ sem staldrað hafa mislengi við í bænum. Á sýningunni var getraun þar sem sýningargestum var boðið að geta upp á fjölda penna í krukku. Dregið var úr réttum svörum í byrjun maí og einn heppinn keppandi fékk gjöf frá Hársnyrtistofunni Pílus. Sá heppni var Bjarni Knútsson. Á myndinni eru:Ragnhildur hjá Pílus, Bjarnveig Höskuldsdóttir og Bjarni Knútsson.



Vel heppnaður Kjalarnesdagur

Pann 19. maí var haldinn hátíðlegur Kjalarnesdagur. Haldin var skrúðganga og söngskemmtiatriði í Fólkvangi og þá var afhentur styrkur til björgunarsveitarinnar Kjalar. Hin ýmsu handverk heimamanna voru til sýnis, andlitsmálning fyrir börnin, hoppukastalar og ýmislegt fleira. Hátíðinni lauk svo með dansleik þar sem hljómsveitin Signia hélt uppi stuðinu fram eftir morgni.



Stelpur athugið!

Kvennahlaupið í Mosfellsbæ verður 16. júní klukkan 11. Yfirskrift hlaupsins er "Hreyfing er hjartans mál". Munið að kaupa ykkur bol í tíma og í ykkar heimabæ. Bolirnir verða til sölu í Toppformi (frá 7. júní) og við verslanir bæjarins.

Grindverk í kringum gervigrasvöllinn

Nú styttist óðum í að gervigrasvöllurinn að Varmá verði fullkláraður. Um miðjan mánuðinn voru B.J. verktakar ehf. í óða önn við að setja upp grindverk í kringum allan völlinn. Þess má geta að fyrsti leikur meistaraflokks Aftureldingar á Íslandsmótinu var spilaður á vellinum þar sem Varmárvöllur þótti ekki tilbúinn til notkunar.



Flottir hjólafélagar







Þeir voru hressir hjólafélagarnir við íþróttahúsið að Varmá þegar blaðamaður átti leið hjá. Drengirnir höfðu búið sér til stökkpall og léku sér þar í sumarblíðunni. Hér eru nokkrar myndir af strákunum á fullri ferð.

Hvernig gekk í samræmdu prófunum og hvað svo?

Eftir álagstíma samræmdu prófanna er nú á mörgum heimilum ákveðinn léttir en um leið mikil eftirvænting um einkunnir og námsmat að lokinni 10 ára grunnskólagöngu barnsins. Nemendur hafa nú aukið valfrelsi námi í samræmi við áhuga og framtíðaráform sem þvægir

og framtíðaráform sem byggir á einkunnum eða námsmati sem miðast oftast við þá vinnu sem þeir hafa lagt í námið. Varðandi afrit af prófum þá er hægt að fá ljósrit af prófaheftinu með svörum nemandans. Foreldrar burfa að fara inn á namsmat.is og ná þar í eyðublað sem þeir skrifa undir og senda Námsmatsstofnun. Nú í byrjun maí eru nemendur að fá bréf með leiðbeiningum frá menntamálaráðuneyti ásamt veflykli sem veitir þeim persónulegan aðgang að innritun í framhaldsskóla sem fer fram 14. maí til 11. júní. Reglugerðardagurinn á því hvenær einkunnir á samræmdum prófum eigi að vera tilbúnar er 2. júní.

Foreldrar/forráðamenn nemenda 10. bekkjar fá einnig bréf frá ráðuneytinu með upplýsingum um innritunina. Til að sækja um er hægt að nýta allar tölvur með netaðgangi, til dæmis í grunn- og framhaldsskólum segir í fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu. Umsækjendur



sem luku grunnskólanámi árið 2006 eða fyrr þurfa að sækja sér veflykil á menntagatt.is. Þann 14. maí verður opnað fyrir rafræna innritun á skólavef menntamálaráðuneytis, www.menntagatt.is_

Allar umsóknir um nám í dagskóla eru rafrænar. Sótt

er um á netinu og berast umsóknirnar beint til upplýsingakerfa framhaldsskólanna.

Við útfyllingu umsóknar er framhaldsskóli valinn ásamt skólum til vara, sem og námsbraut og önnur þjónusta sem er í boði í einstökum skólum. Nemendur 10. bekkjar geta breytt eða afturkallað umsóknir allt þar til lokað verður fyrir skráningu á miðnætti mánudaginn 11. júní 2007. Frá og með 15. júní geta umsækjendur opnað umsóknir sínar aftur og fylgst með afgreiðslu beirra. Geti skóli ekki orðið við umsókn verður hún send í skóla sem nemandi valdi til vara. Þegar allar umsóknir hafa verið afgreiddar fá nemendur bréf með upplýsingum um afgreiðsluna. Nemendur þurfa að staðfesta veitta skólavist með greiðslu innritunargjalds.

Nú hafa nemendur góðan tíma til að ganga frá umsóknum og nýir möguleikar opnast til að tengja innritunina við námsráðgjöf. Ákveðin inntökuskilyrði eru fyrir námsbrautir í framhaldsskóla og er nauðsynlegt að foreldrar fari vel yfir umsóknirnar með börnum sínum og lesi vel yfir bréfið frá ráðuneytinu. Ef nemendur eru mjög óvissir um sitt námsval eða vilja fá nánari upplýsingar um námsframboð eða umsóknarferlið er gott fyrir þá að snúa sér til námsráðgjafa. Þá er gott fyrir foreldra að setjast niður með unglingum sínum og ræða möguleikana og áhugasvið þeirra.

Fyrir foreldra barna sem nú voru að ljúka 9. bekk og þurfa að ákveða sig fyrir næsta skólaár um hvaða samræmd próf þeir ætla að taka og um valfög í 10. bekk er vert að benda foreldrum á að kynna sér hvað er í boði og hafa samráð við námsráðgjafa í grunnskólunum. Einnig er hægt að fá ýmsar upplýsingar um samræmd próf á www.namsmat.is. Gott er að gera þetta með góðum fyrirvara, helst strax að hausti. Þannig geta foreldrar lagt sig fram um að styðja börn sín þegar þau huga að framtíð sinni.

Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra

Sumarnámskelő í Mosfellsbæ

Reiðnámsskeið!

Reiðskóli Berglindar. Uppl. og skráning eftir kl. 16 í s: 8996972 eða 5666401

barna og unglinga

Listanámskeið!

Sumarnámskeið í Álafosskvos. Uppl. og innritun 6956694 /5668587. Þriðd.-föstd. kl.13-19

Skólagarðar!

Uppl. á Bæjarskrifstofunum 5256700.

Golfnámskeið!

Golfklúbbur Bakkakots Verður með nokkur námskeið í sumar. Uppl. í 8990769 og jon@draumagolf.is

Handboltaskóli!

Handknattleiksdeild UMFA verður með handboltaskóla sem hefst 13. ágúst Uppl. Á afturelding.is eða hjá Þórunni tota@hjalli.is

Útivistarnámskeið!

Mosverja. Uppl. hjá Ævari 5666757

Vinnuskóli Mosfellsbæjar!

Uppl. hjá Eddu í 5666058

Sundlaugin að Varmá

Opið í sumar: Virka daga 06:30 - 22:00. Lengri opnun. Helgar 09:00 – 18:00. Kíkið við og slappið af í nýja pottinum. Góð aðstaða til að fara í sólbað.

Leikjanámskeið!

Íþrótta og tómstundaskóli Mosfellsbæjar verður með 3 námskeið í sumar. Uppl. í Íþróttamiðstöðinni í 5666754

Knattspyrnunámskeið!

Afturelding verður með nokkur námskeið. Uppl. og skráning í Íþróttamiðstöðinni 5666754

Golfnámskeið!

Golfklúbburinn Kjölur með nokkur námskeið. Uppl. í 5667415

Sundnámskeið!

Kobba krókudíls og Urðar urtu. Uppl. í Íþróttamiðstöðinni 5666754

Íþróttamiðstöðin Lágafell Sundlaug

Opið er virka daga frá kl. 06:30-21:30 og um helgar frá 08:00 - 21:00.


Heilsuakademían Lágafell!

verður með 5 Sund og leikjanámskeið. Uppl. og skráning í síma: 5949666

Fimleikanámskeið!

Fimleikadeild UMFA verður með 5 námskeið í sumar. Uppl. hjá Önnu Margréti 5666280 annamargret@simnet.is

FRÍSTUND



FRÍSTUND - er komin í öll hús í Mosfellsbæ

-bar má finna nánari upplýsingar um sumarstarf 2007

Einnig má finna FRÍSTUND í þjónustuveri Mosfellsbæjar eða á www.mos.is





Samstarf UMFA og Hvíta Riddarans

Knattspyrnudeild Aftureldingar og Knattspyrnufélagið Hvíti Riddarinn (HR) skrifuðu fyrir stuttu undir viljayfirlýsingu um samstarf á næstu mánuðum. Takist vel til er líklegt að framhald verði á. Sameiginlegt markmið félaganna er að knattspyrnumenn í 2. flokki karla og meistaraflokki karla geti stundað íþrótt sína sem lengst innan bæjarmarkanna. Leikmenn Aftureldingar geta því öðlast leikreynslu og stundað boltann í gegnum venslasamning hjá Hvíta Riddaranum.



Góð heimsókn frá Southampton

Matthew Crocker, skólastjóri knattspyrnuakademíu enska knattspyrnufélagsins Southampton, og Dave Puckett þjálfari voru gestir hjá í knattspyrnudeild Aftureldingar um miðjan maí. Heimsókn þeirra er fyrsta skrefið í samstarfi Aftureldingar við Southampton sem vonandi þróast áfram á næstu vikum og mánuðum. Þeir Crocker og Puckett fylgdust með og stjórnuðu æfingum Aftureldingar. Vonast er til að þjálfarar og leikmenn Aftureldingar fari í heimsókn til Englands í haust.

Atli Heimis í ÍBV

Knattspyrnumaðurinn ungi Atli Heimisson hefur ákveðið að ganga til liðs við ÍBV. Eyjamenn eru í 1. deildinni og hafa átt erfitt með að finna



netmöskvana hjá andstæðingum sínum. Atli á að hjálpa við markaskorunina en hann hefur þegar skorað eitt fyrir Aftureldingu og lagt upp tvö mörk.

Ætlum okkur upp í 1. deildina

Hvert er markmið sumarsins?

Það er klárt markmið innan okkar hóps að vera í einu af þessum þremur sætum sem veita farseðilinn upp í 1. deild. Það er ekkert launungarmál.

Hvernig finnst þér tímabilið byrja?

Ég er sáttur við gengið til þessa. Liðið er taplaust það sem komið er af tímabilinu. Vorleikirnir eru alltaf sér á parti og ekki alltaf hægt að draga af þeim lærdóm fyrir Íslandsmótið. Í fyrra þá gekk okkur mjög vel í vorleikjunum en fórum síðan afleitlega af stað á Íslandsmótinu og bitum ekki úr nálinni með það allt sumarið. En núna förum við betur af stað og eru bjartsýnir á framhaldið.

Hversu margir í hópnum?

Ég er með 25 stráka í meistaraflokknum. Það hefur sýnt sig að til þess að komast í gegnum deildina með sóma þarf stóran hóp leikmanna. Í fyrstu þremur leikjum tímabilsins þá hef ég notað um 20 leikmenn, þannig að það hefur sýnt sig að menn fá tækifæri og það kemur maður í manns stað þegar einhver dettur út eða meiðist.

Komnir: Torfi Geir Hilmarsson, Unnar Hólm Ólafsson, Daði Már Steinsson, Ómar Ingi Guðmundsson, Magnús Einarsson, Geir Rúnar Birgisson, Gunnar Davíð Gunnarsson, Guðjón Þórunnarson, Christopher McCluskey og Gestur Ingi Harðarson.

Farnir: Atli Heimisson, Beitir Ólafsson og Anton Ástvaldsson.



Trúi á sæti í úrslitakeppninni

Hvert er markmið sumarsins?

Pað á að gera betur en síðast, en pað er kannski ekki raunhæft með tilliti til allra þessarra nýju andlita og þess að við erum búnir að missa þó nokkurn mannskap frá því í fyrra. Ég hef þó trú á því að við náum inn í úrslitakeppnina og þá getur allt gerst. Menn verða bara að hafa trú á sjálfum sér og liðinu.

Hvernig nær liðið saman?

Þetta hefur gengið frekar brösulega hjá okkur og við höfum verið að reyna marga nýja menn. Eins höfum við gert samning við Aftureldingu og þar fáum við nýja og ferska stráka úr 2 flokk með okkur sem styrkja liðið til muna. Við gefum okkur 3-4 leiki með að slípa liðið saman og verðum komnir á fínt ról eftir það vonandi.

Hvernig finnst þér fyrstu leikirnir ykkar hafa spilast?

Við höfum verið að spila ágætlega í sirka 60 - 65 mínútur í þessum leikjum en missum dampinn í seinni hálfleik. Það er auðvitað ekki nógu gott en við reynum að bæta úr því.

Komnir: Davíð Hlíðdal Svansson, Guðmundur Sveinn Hafþórsson, Jóhann Björn Valsson, Kristján Sigurðsson, Matthías Svavar Alfreðsson, Ólafur Snorri Rafnsson, Vilhjálmur Ragnar Vilhjálmsson og Guðjón Þór Valsson.

Farnir: Geir Rúnar Birgisson, Magnús Einarsson, Guðjón Þórunnarson og Þorvaldur Ásgeirsson.



Spáð 3. sæti í 1.deildinni

Hvert er markmið sumarsins?

Markmiðið er að vera ákaflega keppnishæf í 1. deildinni og reyna að ná sem lengst í bikarkeppninni.

Hvering nær liðið saman?

Stelpurnar hafa sýnt frábært viðmót og eru búnar að vinna

hart að því að vera tilbúnar fyrir tímabilið.

Hvaða árangur er ásættanlegur fyrir þig?

Ég vil enda tímabilið í topp tveimur sætunum.



Ottenalngamir fjórn sem leika með steipunum í sumar, Danielle Guempel, Samantha Robinson og Sophia Mundy frá Bandaríkjunum og Kristy Marr frá Skotlandi.

> Komnar: Danielle Guempel, Elín Svavarsdóttir, Gígja Heiðarsdóttir, Katrín Sif Oddgeirsdóttir, Kirsty Marr, Kristín Sigurðardóttir, Kristín Ýr Bjarnadóttir, Rakel Árnadóttir, Samantha L. Robinson og Sophia Mundy.





Meistaraflokkur karla

Stofnað 11. apríl 1909. Liðið hefur undanfarin ár verið í 2. deild og enduðu síðasta tímabil í 7. sæti þar sem liðið vann fimm leiki, gerði þrjú jafntefli og tapaði tíu leikjum. Í ár er liðinu spáð 3. sæti í deildinni og því væntingar miklar til liðsins þetta sumarið.



Hvíti Riddarinn

Stofnaður 14. ágúst 1998. Riddarinn er að hefja sitt þriðja tímabil í 3. deild Íslandsmeistaramótsins. Mikil uppsveifla hefur verið hjá liðinu og stutt síðan það var eitt sterkasta lið utandeildarinnar. Nýr þjálfari, Jón Þór Eyjólfsson, hefur tekið við liðinu og samstarf við Aftureldingu kemur til með að víkka breiddina hjá Riddaranum.



Meistaraflokkur kvenna

Stelpurnar spilar nú í fyrsta sinn í tíu ár á Íslandsmeistaramótinu. Það eru því spennandi tímar framundan og bæjarfélag á borð við Mosfellsbæ á að eiga kvennalið í hæsta gæðaflokki. Þjálfarinn, Gareth O´Sullivan, hefur fengið til sín nokkrar stúlkur af erlendum uppruna sem koma til með að styrkja hópinn töluvert. Þjálfarar og liðsmenn allra liða í deildinni spá því að Afturelding eigi góða möguleika á því að komast upp í úrvalsdeildina á næsta ári og komi til með að enda í 3. sæti í A riðli í sumar.

Skandall að hafa ekki grasvöll

"Það er hreinlega skandall að við getum ekki ennþá boðið upp á grasvöll fyrir leiki meistaraflokkanna á Íslandsmótinu," segir Ólafur, þjálfari meistaraflokks karla, spurður um þá staðreynd að meistaraflokkar Aftureldingar hafi þurft að leika heimaleiki á Íslandsmótinu til þessa á gervigrasi. "Það er alveg ljóst að það er kominn tími til þess að taka þennan völl allan upp og byggja hann upp á nýtt. Ég vona bara að okkur í knattspyrnudeildinni lánist að ná einhverju samkomulagi við bæjaryfirvöld að hrinda því í framkvæmd. Svo hægt verði að gera völlinn glæsilegan á nýjan leik, en núverandi ástand er óviðunandi. Það er afar slæmt að geta ekki boðið upp á grasvöll þegar komið er fram á þennan tíma árs eins og flest öll félög gera," segir Ólafur ennfremur.

AFTURELDING 2. deild karla



13. maí.	14:00	Afturelding - Völsungur	1-0
20. maí.	16:00	KS/Leiftur - Afturelding	1-1
26. maí.	14:00	Afturelding - Höttur	3-
07. jún.	20:00	Afturelding - Haukar	
16. jún.	14:00	Magni - Afturelding	
23. jún.	14:00	Afturelding - Sindri	
29. jún.	20:00	Selfoss - Afturelding	
05. júl.	20:00	Afturelding - ÍR	
13. júl.	20:00	ÍH - Afturelding	
21. júl.	14:00	Völsungur - Afturelding	
28. júl.	16:00	Afturelding - KS/Leiftur	
01. ágú.	18:30	Höttur - Afturelding	
09. ágú.	19:00	Haukar - Afturelding	
18. ágú.	16:00	Afturelding - Magni	
25. ágú.	16:00	Sindri - Afturelding	
31. ágú.		. •	
		ÍR - Afturelding	
15. sep.	14:00	Afturelding - ÍH	

HVÍTI RIDDARINN 3. deild karla C riðill



21. maí.	20:00	Skallagrímur - Hvíti Riddarinn	6-3
25. maí.	20:00	Hvíti Riddarinn - Álftanes	2-2
03. jún.	14:00	Tindastóll - Hvíti Riddarinn	
08. jún.	20:00	Berserkir - Hvíti Riddarinn	
15. jún.	20:00	Hvíti Riddarinn - Hvöt	
21. jún.	20:00	Hvíti Riddarinn - Skallagrímur	
29. jún.	20:00	Álftanes - Hvíti Riddarinn	
06. júl.	20:00	Hvíti Riddarinn - Tindastóll	
12. júl.	20:00	Hvíti Riddarinn - Berserkir	
21. júl.	14:00	Hvöt - Hvíti Riddarinn	
27. júl.	20:00	Skallagrímur - Hvíti Riddarinn	
01. ágú.	20:00	Hvíti Riddarinn - Álftanes	
10. ágú.	19:00	Tindastóll - Hvíti Riddarinn	
14. ágú.	19:00	Berserkir - Hvíti Riddarinn	
18. ágú.	13:00	Hvíti Riddarinn - Hvöt	

AFTURELDING 1. deild kvenna A rič



1	22. maí.	20:00	FH - Afturelding	3
	26. maí.	16:30	Afturelding - Haukar	1
	05. jún.	20:00	Leiknir R Afturelding	
	16. jún.	13:00	BÍ/Bolungarvík - Afturelding	
	19. jún.	20:00	Afturelding - KFR/Ægir	
	24. jún.	20:00	Þróttur R Afturelding	
	28. jún.	20:00	Afturelding - HK/Víkingur	
	05. júl.	20:00	GRV - Afturelding	
	09. júl.	20:00	Afturelding - FH	
	16. júl.	20:00	Haukar - Afturelding	
	24. júl.	20:00	Afturelding - Leiknir R.	
	28. júl.	14:00	Afturelding - GRV	
	31. júl.	20:00	KFR/Ægir - Afturelding	
	09. ágú.	19:00	Afturelding - Þróttur R.	
			HK/Vikingur - Afturelding	
	19. ágú.	14:00	Afturelding - BÍ/Bolungarvík	



Silfurverðlaun á Faxaflóamótinu

Fimmta flokki karla gekk best liðanna frá Aftureldingu í Faxaflóamótinu í knattspyrnu. A og C-liðin unnu silfurverðlaun. C-liðið tapaði fyrir Stjörnunni í úrslitaleik á Varmárvelli, en Aliðið tapaði fyrir Breiðabliki í úrslitaleik í Fífunni í Kópavogi. Þá hafnaði B-liðið í 3.-4. sæti eftir að hafa tapað í undanúrslitum. D-liðinu gekk einnig vel og var nærri því komið í undanúrslit.

Stelpurnar áfram í Visa-bikarnum

Stelpurnar í meistaraflokki unnu sinn fyrsta bikarleik í um áratug þann 30. maí. Stelpurnar lögðu

Grindavík með sannfærandi 4-0 sigri. Danielle Gumpel skoraði tvö mörk og þær Sigríður Birgisdóttir og Elín



Pálmadóttir skoruðu sitt markið hvor. Hvíti Riddarinn hefur lokið sinni þátttöku í bikarnum en hann tapaði fyrir Hamri 2-1 fyrir stuttu. Fyrsti bikarleikur Aftureldingar í meistaraflokki karla er í kvöld á Varmárvelli gegn Grundarfirði og hefst leikurinn kl. 20.



Golfnámskeið í sumar fyrir börnin

Golfnámskeið fyrir börn á aldrinum 6 - 13 ára verður haldið 11. til 21. júní n.k. hjá golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ. Námskeiðið stendur frá kl. 10 til 14 hvern dag. Námskeiðsgjald er kr. 16.000. Innifalin í námskeiðsgjaldi er ein máltíð á dag á meðan það stendur yfir. Námskeið 2 verður 25. júní til 5. júlí og námskeið 3 verður 16. júlí til 25. júlí. Hægt er að nálgast upplýsingar hjá golfklúbbnum í s. 566-7415.

KÆRU MOSFEL OG NÁGRANNA RE/MAX OPNAR Í MOSFEL

Opnum á næstu dögum nýja RE/MAX fasteignasölu á besta stað í bænum að Háholti 13-15 við hlið Krónunnar.

Fær eignin þín þá athygli sem hún á skilið?

- Við verðmetum eignina þína frítt fyrir sölu
- Við útbúum glæsilega eignamöppu fyrir þig
- Við notum atvinnuljósmyndara
- Við höldum opin hús
- Við auglýsum eignina þína með áberandi hætti
- Við fylgjum öllu söluferlinu vel eftir
- Við hjálpum þér að finna draumaeignina
- Við erum í beinu sambandi við yfir 100 aðra sölufulltrúa

RE/MAX er alþjóðleg sérleyfiskeðja með skrifstofur í yfir 60 löndum. Yfir 120.000 sölufulltrúa á um 7000 fasteignasölum tengjast meira en milljón sölum á hverjum degi, en það eitt og sér geri RE/MAX að stærsta fasteignasölukerfi í heimi.

LINGAR

RF//AX

R

LSBÆ



RE/MAX Háholti 13-15

ERTU Í FASTEIGNAHUGLEIÐINGUM SKRÁÐU EIGNINA ÞÍNA HJÁ OKKUR

Teymi sem skilar árangri

Hringdu núna

4123300



Skemmdarverk í kjölfar mótmæla

Aðfaranótt 16. maí voru framin skemmdarverk á vinnuvélum í Álafosskvos. Vélarnar voru þar á vegum verktakans Magna. Rúður voru brotnar, GPS tæki skemmd og spreyjað var á vélarnar. Tjónið, að sögn eiganda Magna, er metið á nokkrar milljónir króna. Varmársamtökin, sem mótmæltu framkvæmdum við Álafosskvos daginn áður en verknaðurinn var framinn, fordæma skemmdarverkin. Allir beir sem hafa einhverja vitneskju um sökudólga eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna.

Grænar tunnur fyrir umhverfisvæna

Á bæjarráðsfundi 24. maí var samþykkt að bjóða bæjarbúum upp á svokallaðar grænar sorptunnur. Í þessar tunnur er hægt að setja flestendurvinnanleg efni, til dæmis dagblöð, pappír af ýmsu tagi, samanbrotnar fernur og plastflöskur. Bærinn mun koma til móts við einstaklinga sem vilja vera umhverfisvænir og greiðir stærsta hluta gjalds sem tekið er fyrir þessa þjónustu. Ársgjaldið hjá



Íslenska gámafélaginu er 11.400

kr. en bærinn kemur aðeins til með að hafa gjaldtöku 2.850 kr.

fyrir árið 2007.

Breytingar í Varmárskóla

Breytingar eru í vændum á stjórnun Varmárskóla. Þau Viktor Guðlaugsson skólastjóri og Helga Richter aðstoðarskólastjóri, láta af störfum en bæði eru þau að komast á eftirlaunaaldur. Ákveðið hefur verið að taka upp tveggja skólastjóra kerfi í stjórnun skólans eins og vel hefur tekist til með í Lágafellsskóla.

Sögukornið _

Eyktamörk

Orðið eykt var notað um ákveðið tímaskeið eða ákveðna tímalengd. Sólarhringnum var skipt í fjóra hluta, morgun, dag, aftan og nótt og hverjum hluta var skipt í tvær eyktir. Þær urðu því átta talsins, hver um sig þriggja klukkustunda löng. Skilin eða mörkin á milli eykta hétu eyktamörk. Þau voru á þriggja klukkustunda fresti og báru hver sitt nafn: ótta, kl. 3; miður morgun eða rismál, kl. 6; dagmál kl. 9; miðdegi eða hádegi kl. 12; nón kl. 15; miður aftann eða miðaftann kl. 18; náttmál kl. 21 og miðnætti eða lágnætti kl. 24. Þegar ný eykt var hafin var talað um aflíðandi t.d. aflíðandi nón líkt og talað er um í dag að klukkan sé gengin í t.d. fjögur. Þegar liðið var á seinni hluta eyktar var sagt komið undir t.d. komið undir miðaftann og svipar það til þess þegar sagt er að klukkuna vanti t.d. 10 mínútur í sex. Um miðbik eykta var sagt jöfnu báðu, t.d. jöfnu báðu nóns og miðaftans en þá var klukkan 16:30.

Orðið eyktamark hefur líka verið notað um kennileiti sem notað var að sumarlagi til að marka eyktir, það er miða út tíma dags. Notuðust menn bæði við náttúruleg kennileiti og vörður í þessum tilgangi.

Eyktamörk í Mosfellsbæ Náttúruleg kennileiti

Í Mosfellsbæ eru allmörg þekkt eyktamörk. Í landi Elliðakots er t.d. Nónholt eða Nónás norðaustan við Nátthagavatn. Á mörkum Helgadals og Suður-Reykja er gil sem kallað er Nóngil og var það notað sem eyktarmark af heimilisfólki í Helgadal.

Eftirfarandi texti er úr örnefnalýsingu Miðdals, sem skráð var af Tryggva Einarssyni:

"Skammt austur af Keldnaselshæð er fallegur dalur sem heitir Neðri-Djúpidalur. Norður úr Djúpadal er Klauf er Djúpadalsklauf heitir og endar við lítinn mýrarblett sem Kringlumýri heitir. Vestur af Kringlumýri er lyngmói sem Miðaftansmói heitir, sunnan við Miðaftansmóa er Miðaftanshæð." Í Miðdal er einnig Hádegisholt vestan við vegamót Hafravatns og gamla-Pingvallavegar. Beint upp af bænum á Æsustöðum er Hádegishæð, þar ber stein við loft, á brún, norðan í hæðinni, sem hefur verið hádegismörk frá Æsustöðum.

Miðmundi

Samkvæmt orðabók Menningarsjóðs þýðir orðið Miðmundi tíminn kl. 13:30, þ.e. miðja vegu milli hádegis og nóns. Nokkru austan við Nóngil á mörkum Helgadals og Suður-Reykja er Torfadalsgil sem einnig heitir Miðmundagil. Miðmundagil er einnig til í landi Hraðastaða. Það er austan gils sem nefnist Stekkjargil. Í landi Skeggjastaða er Miðmundarholt. Það er strýtumyndaður hóll syðst í svokallaðri Skeggjastaðamýri.

Vörður

Ofan við bæjarhúsin á Suður-Reykjum, í suður frá bænum, voru hlaðnar margar vörður sem notaðar voru sem eyktamörk. Það var maður að nafni Kristján Skagfjörð sem hlóð vörðurnar. Tvær þessara varða eru kallaðar Dagmálavarða og Hádegisvarða. Dagmálavarða er norðan í Hádegisfjalli. Hún var eyktarmark frá Suður-Reykjum. Þegar sólin var þar kl. 9 átti að koma með féð á Reykjum til mjalta. Sunnan Helgadalsbæjar, milli Grímarsfells og Torfdals, er hryggur, Hádegishæð, sem nær vestur að Æsustaðafjalli og á honum miðjum, beint suður af bænum er Hádegisvarða.

Kristinn Magnússon

Hvernig ábúendur Hraðastaða nýttu eyktamörk

Árið 1976 gerði hópur háskólastúdenta þjóðháttarannsókn víða um land. Þar var fólk m.a. beðið að gera grein fyrir eyktamörkum. Eftirfarandi er frásögn ábúanda á Hraðastöðum: "Smalinn hafði enga klukku. Hann kunni eyktamörkin og notaði þau til að vita hvað tímanum leið. Þegar sólin var á Miðmundafelli þá var kl. 10 að morgni. Þegar sólin var á hæsta klettinum í Torfadalshryggjum þá var kl. 12. Þegar sólin var yfir Dýjadalnum þá var kl. 3 eftir hádegi. Þegar sólin var við fjallendann í Helgafelli þá var það kallað miðaftan. Náttmál voru kl. 10 og var sólin komin út fyrir öxl á Hrísbrúarfjallinu en það var óvanalegt að nefna þetta eyktarmark og menn fóru ekki eftir því."

> Kristinn Magnússon fornleifafræðingur





Deiliskipulag Helgafellsbrautar versti kosturinn

Áður samþykkt deiliskipulag Helgafellsbrautar hefur skaðlegustu áhrifin á umhverfi og ásýnd Álafosskvosar skv. nýju umhverfismati sem Mosfellsbær lét gera að undirlagi Skipulagsstofnunar. Kemur þessi niðurstaða heim og saman við fyrri ábendingar Varmársamtakanna. Gerður er samanburður á nokkrum valkostum í skýrslunni og vekur athygli að í honum er aðeins tekið tillit til einnar tillögu samtakanna. Var það gert án samráðs við okkur sem er mjög bagalegt þar sem skýrsluhöfundar byggja umfjöllunina að hluta til á röngum forsendum sem hefur neikvæð áhrif á mat þeirra á tillögunni. Má þar sérstaklega nefna vegtengingu yfir Álanes austan Álafosskvosar. Skýrsluhöfundar gefa sér bá forsendu að þessi þverun Varmár sé að tillögu Varmársamtakanna.

Staðreynd málsins er hins vegar sú að vegurinn er á aðalskipulagi Mosfellsbæjar og er einnig gert ráð fyrir honum í tillögu að deiliskipulagi Helgafellslands, 3. áfanga. Það vill svo til að fyrr í vetur hafnaði bærinn þeirri ósk Varmársamtakanna að taka þverunina út af skipulagi en í svari Mosfellsbæjar segir m.a. að þótt gert sé ráð fyrir vegtengingu í aðalskipulagi telji nefndin "óvarlegt á þessu stigi að falla frá gerð þessarar safngötu, ..." Sbr. 196. fund skipulags- og byggingarnefndar.

Í ljósi þess að þverunin við Álanes er á skipulagi vekur furðu að vegurinn er hvergi sýnilegur á uppdráttum að helstu tillögum Mosfellsbæjar sem



nefnast í skýrslunni kostur 1 og 2. Hefur þverunin því ekki neikvæð áhrif á mat þessara kosta. Ber þessi undansláttur ekki vott um góð vinnubrögð.

Látið er að því liggja í skýrslunni að kostur 2 hafi hvað minnst umhverfisáhrif. Afturvekjavinnubrögðin furðu þar sem engir útreikningar hafa farið fram á hljóðvist og hljóðvarnir ekki verið hannaðar. Eins er mati á áhrifum vegagerðar við Vesturlandsveg á framtíðarskipulag miðbæjarins sleppt. Fleira er í þessum dúr og því ljóst að bæjarbúar ættu að nýta sinn lýðræðislega rétt til að gera athugasemdir við skýrsluna. Þar sem umfjöllun um tillögur Varmársamtakanna einskorðast aðeins við einn valkost, sem eins og að ofan greinir byggir að hluta á röngum forsendum, bendum við áhugasömum á að kynna sér

málið frekar á bloggi samtakanna: www.varmarsamtokin.blog.is eða með því að senda okkur fyrirspurn: varmarsamtokin@gmail.com

Myndin með pistlinum hefur verið kynnt af Varmársamtökunum sem tillaga 2. Skv. henni er gert ráð fyrir tengibrautinni í útjaðri byggðar í Ásahverfi. Vegtenging Álafossvegar við Vesturlandsveg er óbreytt en skv. samgönguáætlun Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að í framtíðinni að fari umferð undir brú á Vesturlandsvegi upp í miðbæ Mosfellsbæjar. Skv. tillögunni er Brekkuland lokað fyrir umferð úr Helgafellshverfi. Umhverfisskýrslunni verða gerð ítarleg skil á bloggi samtakanna á næstu vikum.

Umferðarhópur Varmársamtakanna

Skógarkvöld í Hamrahlíð

Nú þegar sól hækkar á lofti byrja annir hjá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar.

Mánudaginn 4. júní verður skógarkvöld félagsins í Hamrahlíð sem hefst kl. 19.30. Eins og venjulega verður gróðursettt greni í stað þess sem höggvið er um jólin. Þetta eru plöntur sem Guðrún Hafsteinsdóttir hefur sáð til og komið á legg. Tekið verður til hendinni í skóginum og stjórnin sér til þess að enginn fari svangur heim.

Nú eru liðin fimmtíu ár síðan fyrst var gróðursett í Hamrahlíð. Voru það 1000 plöntur sem gróðursettar voru eftir að skrifað var undir samning við eigendur Blikastaða. Þann 27. júní 2005 var hæsta tréð úr þeim lundi mælt. Var það 14 metra hátt og þvermálið 30 cm í brjósthæð og var þetta talinn góður árangur þar sem hlíðin var og er fremur hrjóstug.



Kennslustofa að áhaldageymslu

Færanleg kennslustofa sem staðsett er við Hlíð, verður flutt niður að nýja gervigrasvellinum að Varmá. Stofan verður nýtt sem áhaldageymsla og ýmislegt annað við knattspyrnuvöllinn. Setja á nýja færanlega kennslustofu við Hlíð.



Bifhjól notuð við björgunarstörf

Björgunarsveitin Kjölur hélt á dögunum leitaræfingu á Kjalarnesi til þess að athuga hvort möguleikar séu á því að nýta bifhjól til björgunarstarfa. Til samanburðar á bifhjólunum var einnig notast við bíl. Hjólin komu afar vel út úr æfingunni og fróðlegt að sjá hvort þau komi til með að bætast í tækjasafn björgunarsveita í framtíðinni.

Ástandið á Álafossi

Margt fólk í Mosfellsbæ hefur fengið nóg af furðulegum uppákomum ákveðins hóps fólk sem kveðst tengja sig við Varmá og Álafosskvosina. Það kemur undarlega fyrir sjónir að hver fréttin á fætur annarri er birt á sjónvarpsstöðvunum eins og

þær hafi vakt á einhverjum vígvelli og umfjallanir með þeim hætti að landsmenn gætu haldið að hér væri komin styrjöld meðal bæjarbúa. Ýmsar myndir hafa verið birtar í fjölmiðlum m.a. af konu sem búsett hefur verið úti í heimi, þar sem hún er sýnd í greinilegu ójafnvægi sitjandi á grastorfu í grennd við byggingasvæði nýs hverfis, sem hýsa á íbúðir fólks, skóla þess og aðra þjónustu undir Helgafellinu.

Eitt nýjasta dæmið er sjónvarpsupptaka af einhverjum manni sem virðist vera í æðiskasti og hendir um girðingagrindum í allar áttir. Þetta virtist mjög eðlilegt að sjá á skjánum hjá RÚV, þangað til það barst eins og eldur í sinu um sveitina að maður-



inn hefði pantað sjónvarpsstöðina á vettvang, hann hefði síðan orðið að bíða eftir tökumönnum í tvo tíma og þá orðið svona vitskertur á staðnum. Er ekki umhugsunarefni hver ber ábyrgð á svona fréttaflutningi hjá sjónvarpsstöðinni? Þetta

kvöld mun einhver hluti af þessu mótmælafólki hafa haldið fund. Um nóttina voru framin skemmdarverk á tækjum verktaka á vinnusvæðinu í Helgafellslandi fyrir milljónir króna. Varla er ætlandi fullorðnu fólki að fremja slík afbrot að næturlagi, nóg er nú samt fyrir. Hins vegar finnst mörgu hugsandi fólki skammt á milli þessara athafna og ekki ólíklegt að spellvirkjarnir kynnu að vera tengdir mótmælafólkinu.

Það hefur komið fram í fréttum að enginn hafi verið yfirheyrður vegna þessara skemmdarverka, en hins vegar hefur fréttamynd sýnt lögreglumann sitjandi í grasinu við hlið mótmælanda þegar hliðgrindurnar voru rifnar niður. Hvort lögreglumaður-

inn hefur verið að hugga eða taka skýrslu er ekki vitað, en hefði ekki verið eðlilegt í þau skipti sem mótmælafólkið fór fram með ofbeldi gagnvart framkvæmdum við Helgafellshverfi að flytja það til skýrslutöku á lögreglustöð líkt og gert var við Kárahnjúka? Einnig hafa vakið óskipta athygli óvægnar árásir með ýmsum hætti á einn bæjarfulltrúa Mosfellsbæjar vegna þessa máls og það svo að hann telur sig og sína fjölskyldu varla hafa heimilisfrið.

Þetta er ótrúleg staða sem nokkrar manneskjur í mótmælaham geta skapað. Hins vegar hefur nú verið birt umhverfismat um hinn fyrirhugaða tengiveg til Helgafellshverfisins. Vegurinn hefur hlotið mjög góðan úrskurð og er talinn skv. matinu besti kosturinn varðandi vegtengingu hverfisins. Vonandi verður ró og regla í framtíðinni hjá ágætum íbúum og fyrirtækjum í Álafosskvos og nýjum íbúum Helgafellshverfis.

Gylfi Guðjónsson



Ekkert íhald á kjörstað í Kjósinni

Kjörstjórn Kjósarhrepps hefur komist að því að aðstaða Kjósverja á kjörstað var ófullnægjandi. Kosið var í þinghúsi hreppsins í Ásgarði, en farist hefur fyrir að koma upp hestasteini við húsið. Olli það nokkrum vanda fyrir þá sem komu ríðandi á kjörstað að ekki var gert ráð fyrir sérstöku íhaldi fyrir hrossin. Úr því verður hins vegar bætt fyrir næstu kosningar að sögn Gunnars Kristjánssonar formanns kjörstjórnar.



Nýr framkvæmdastjóri Pizzabæjar

Eins og fram kom í síðasta blaði hafa nýir eigendur tekið við Pizzabæ. Nýir eigendur eru sama eignarhaldsfélag og á Hróa Hött en Pizzabær mun verða rekinn áfram undir sínum gömlu merkjum. Sigurður Valgeir Óskarsson hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri staðarins en hann hefur starfað á Pizzabæ til margra ára. "Það verða nánast engar breytingar á staðnum. Við tökum eitthvað af pizzum Hróa Hattar á matseðilinn hjá okkur og þá kemur kryddbrauðið okkar fræga til með að fást á öllum stöðum Hróa þegar fram líða stundir", sagði Sigurður.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Mosfellings vantaði undirskrift við greinina "Dylgjur gagnvart íbúum". Greinina skrifaði Kristín I. Pálsdóttir og er hún íbúi í Reykjahverfi.

MOSFELLINGUR **KEMUR NÆST** ÚT 22. JÚNÍ

Hafin er útgáfa Aftureldingarkorta sem eru félagsskirteini í Ungmennafélaginu Aftureldingu. Landsbankinn og Visa eru bakhjarlar Aftureldingar við útgáfu kortanna.

Styrktu þitt félag og fáðu bér Aftureldingarkort

Mosfellingur hitti formann Aftureldingar, Jón Pálsson vegna þessara tímamóta.

Hvað er Aftureldingarkortið og hvernig virkar það?

Aftureldingarkortið er félagsskírteini í Aftureldingu en er jafnframt greiðslukort Visa og afsláttarkort hjá ákveðnum bjónustuaðilum. Þar sem greitt er með kortinu fær handhafinn afslátt í verslunum og þjónustufyrirtækjum auk þess sem kortið

af sölunni rennur til Aftureldingar.



veitir afslátt af æfingagjöldum í Aftureldingu.

Kemur kortið í staðinn fyrir önnur greiðslukort? Það er ákvörðun hvers og eins. Aftureldingarkortið er alveg sjálfstætt kort og engin ástæða til að hætta með önnur greiðslukort, en það gerir sama gagn og flest önnur greiðslukort. Aftur á móti með því að nota kortið hjá samstarfsaðilum Aftureldingar fær bæði korthafinn afslátt auk þess sem viss prósenta

Hvað með þá sem ekki vilja greiðslukort? Það er ekki vandamál bví kortin geta bæði verið venjuleg Visakort með eftirágreiðslu



Visa-plús kort sem eru fyrirframgreidd.





Aftureldingarkortið veitir þér:

- fullgilda félagsaðild að Aftureldingu
- möguleika á að styrkja Aftureldingu beint og óbeint á marga vegu
- fullgilt kreditkort ÁN árgjalda
- afslætti hjá fyrirtækjum í Mosfellsbæ og víðar
- 5% afslátt af æfingagjöldum í deildum félagsins Þér býðst að styrkja starf félagsins um: 500 krónur á mánuði eða hærri upphæð að eigin vali

Nánari upplýsingar á www.afturelding.is


Uppbygging án umhverfisspjalla

Um miðjan maímánuð voru unnin spellvirki á vinnuvélum í Helgafellslandi. Íað var að því að Varmársamtökin ættu þar hlut að máli. Í þessu sambandi vil ég benda á að Varmársamtökin beita sér fyrir uppbyggingu án umhverfisspjalla en

ekki niðurrifs- og skemmdarverkastarfsemi. Varmársamtökin hafa að markmiði að standa vörð um:

- náttúruperlur við Varmá,
- sögu- og menningarminjar,
- íbúalýðræði,
- atvinnuuppbyggingu og
- frumkvöðlastarf

Í Varmársamtökunum er fólk, sem hefur áhuga á sínu nánasta umhverfi. Fólk sem hefur áhuga og metnað fyrir því að Mosfellsbær byggist upp í góðum samhljómi við fallegt umhverfi Reykjadals. Við þurfum ekki að leita langt yfir skammt. Í



ónýtt tækifæri, eins og atvinnuuppbygging tengd listum, sögu- og menningarminjum, svo ekki sé minnst á heilsutengda ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustan eru þau mið sem við Íslendingar eigum að sækja á. Hlutur hvers og eins í þeirri útgerð mun aukast í nánustu framtíð, sérstaklega þar sem stolt og virðing er borin fyrir umhverfinu og sérstök áhersla er lögð á metnaðarfulla uppbyggingu í samræmi við landslag, náttúrulegt umhverfi, sögu og sérkenni staða.

Varaformaður Varmársamtakanna olli ekki skemmdum begar hann svipti girðingunni, við vinnusvæðið, með táknrænum hætti í burtu fyrir framan sjónvarpsmyndavélarnar.

Sá eldhugur, sem hann sýndi þegar hann fjarlægði girðingu verktakans, endurspeglar bær tilfinningar sem hann ber til alls þessa svæðis og þá "frústrasjón" sem hleðst upp þegar ekki er unnið í samvinnu við fólkið, né skilningur á þeim verðmætum sem búa í umhverfinu.

Aldrei hefði okkur órað fyrir því, að skemmdarverk myndu fylgja í kjölfarið. Þessi atburður slóg okkur öll út af laginu. Við tökum það nærri okkur að ósætti og skortur á samvinnu innan bæjarfélagsins skuli bitna á verktökunum, sem eru að reyna að standa við verksamninga. Mosfellsbær auðveldar þeim ekki verkið, þegar tilskilin leyfi til vinnunnar eru ekki á hreinu. Með lögum skal land byggja.

> Berglind Björgúlfsdóttir, formaður Varmársamtakanna

Fyrst til að gera samning vegna Aftureldingarkorta



Föstudaginn 25. maí undirrituðu Guðmundur í Draumakaffi og Erna framkvæmdastjóri Aftureldingar fyrsta samstarfssamninginn í Mosfellsbæ um Aftureldingarkortin. Veitir fyrirtækið korthöfum 15% afslátt auk þess að styðja Aftureldingu um 5% af vörukaupum. Glæsilegt framlag frá þeim hjónum Guðmundi og Ingunni. Á meðfylgjandi mynd má sjá Guðmund og Ernu handsala samninginn.

Áskorun til Mosfellinga og annars Aftureldingarfólks!

Við, undirrituð formenn allra deilda innan Ungmennafélagsins Aftureldingar hvetjum alla Mosfellinga og annað stuðningsfólk Aftureldingar til að styðja við starfið okkar og gerast félagsmenn í Aftureldingu. Þannig getum við öll hjálpast að því að byggja upp öflugt barna og unglingastarf í bænum okkar auk þess að styðja við bakið á fyrirmyndunum, meistaraflokkunum.

Jón Pálsson, formaður aðalstjórnar Aftureldingar Snorri Hreggviðsson, formaður badmintondeildar Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður blakdeildar Eva Magnúsdóttir, formaður fimleikadeildar Hlynur Guðmundsson, formaður frjálsíþróttadeildar Guðmundur Pétursson, formaður handknattleiksdeildar Jón Svan Grétarsson, formaður karatedeildar Pétur Magnússon, formaður knattspyrnudeildar Sveinbjörg Lúðvíksdóttir, formaður körfuknattleiksdeildar Jónína Jónsdóttir, formaður sunddeildar Helena Línud. Kristbjörnsdóttir, formaður taekwondodeildar





Blakdeildin í sumarfrí

Vetrarstarfið hjá blakdeild Aftureldingar hefur nú runnið sitt skeið að þessu sinni og enduðu krakkarnir í 3., 4. og 5. flokki veturinn á Íslandsmóti Blaksambands Íslands sem var haldið í Ólafsvík helgina 20.-22. apríl. Afturelding fór með 22 krakka á mótið. Piltarnir í 4.fl. komu heim með silfrið eftir hörkuviðureign um gullið við heimamenn í Vík-Reyni. Þeir gerðu sér síðan lítið fyrir og tóku bronsið í 3. flokknum en þeir voru allir nema einn að spila upp fyrir sig. Þá stóð 5.flokkurinn sig líka mjög vel og lenti í 4. sæti af 10 liðum eftir sitt fyrsta Íslandsmót.

Lokahnykkurinn hjá yngstu blökurunum í 6. fl. var sleginn að Varmá með því að bjóða krökkum í 6. fl. í HK í heimsókn. Krakkarnir spiluðu við HK og síðan var liðunum blandað saman og allir spiluðu saman. Allir fengu viðurkenningar að móti loknu og svo var slegið upp veislu frá Pizzabæ. Búið er að velja í forval fyrir unglingalandsliðin undir 17 ára fyrir Norðurlandamótið sem fram fer í Finnlandi í september. Afturelding á tvo fulltrúa þar á yngsta ári en það eru þeir Arnór Snær Guðmundsson og Geir Jóhann Geirsson.





Góð uppskera hjá handboltastelpum

Stúlkurnar í sjötta flokki kvenna í handknattleik náðu frábærum árangri í handboltanum í vetur, bæði A- og B-lið.

A-liðið endaði í þriðja sæti á Íslandsmótinu og einnig í þriðja sæti á deildarmótinu. Grótta og Stjarnan voru fyrir ofan Aftureldingu á báðum mótunum en þessi þrjú lið höfðu töluverða sérstöðu í vetur.

B-liðið stóð sig ekki síður vel. Það endaði í fjórða sæti á Íslandsmótinu og í því sjöunda á deildarmótinu. Samkvæmt þessum árangri hjá stúlkunum ætti framtíðin að vera björt hjá kvennahandboltanum ef vel verður haldið utan um starfsemina.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. Þverholti 2 Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

Elísabet Kristjánsdóttir er formaður Skógræktarfélagsins, formaður umhverfisnefndar og að vasast í mold og gróðri er hennar líf og yndi.

Með græna fingur

lísabet Kristjánsdóttir er fædd í Fremri Hnífsdal í N-Ísafjarðarsýslu, enginn hefur fæðst þar síðan svo vitað sé til. Hún er dóttir hjónanna Sigríðar Kjartansdóttur kennara og Kristjáns Jónssonar skólastjóra í Hnífsdal. Systkinin eru fimm, þrír bræður og tvær systur.

Þegar ég spyr Elísabetu hvað sé henni minnistæðast úr æsku var hún fljót til svars "Vorkoman er mér minnisstæðust, þá var sólarlyktin sem ég kallaði niðri við sjó, ég átti heima uppi á bökkum og þar kom sólin seinna, einnig sungum við vorljóðin þegar sólin rann yfir skarðið milli Langhóls og hlíðar, þá var keppikefli að syngja sem mest meðan hún sýndi sig"

Skólagangan

"Ég er gagnfræðingur frá Gagnfræðaskólanum á Ísafirði var þar tvo vetur og fór heim um helgar, en gisti þess á milli hjá góðri konu. Mikið skelfing var ég oft myrkfælin, hentist bessa fjóra kílómetra eins hratt og ég mögulega gat. Móðir mín dó sumarið sem ég varð 17 ára, næstu þrjá vetur var ég heima meðan systir mín var í skóla, svo lá leið mín í Húsmæðraskólann á Varmalandi, stelpur að heiman fóru ekki í skólann á Ísafirði, hitt var meira sport, þarna vorum við þrjár til fjórar í hverju herbergi og vináttubönd sem þá hnýttust vara enn og það þykir mér vænt um.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands í Reykjavík var næsti kostur hann var þá í Háuhlíð 9, en nú er hann deild í Kennaraháskólanum. Námið stóð tvo vetur og sumarið á milli vorum við á Laugarvatni, þá voru dálítið aðrir tímar, húsinu var lokað klukk-



Elísabet, Kjartan og Sveinn

an hálf tíu á kvöldin, við vorum um og yfir tvítugt, slíkt gengi nú víst ekki í dag. Þessi tími er okkur stelpunum sem þar voru ógleymanlegur, erum við mjög góðar vinkonur og hittumst einu sinni í mánuði yfir veturinn."


Kaupavinnan

"Ég vann í fiski heima eins og altítt var. Í þá daga áttu margir fáeinar kindur, svo þurfti að heyja á sumrin og pabbi var einn þeirra, var þá slegið með orfi og ljá og rakað með hrífu, heyið bundið og reitt heim á klakk, síðustu árin var þó farið að slá með sláttuvél og keyra heim á vagni.

Ég fór tvö sumur í kaupavinnu kynntist þá öðrum búskaparháttum og rafmagnsleysi sem ég þekkti ekki áður, einnig skorti á vatni og til þess að skola þvottinn var hann fluttur út í á, manni var nú ansi kalt á höndunum við þá iðju."

Skógræktin og umhverfið

Elísabet er kona sem tekið er eftir, hún fer allar sínar leiðir á reiðhjóli eða gangandi sama hvernig viðrar, það er líka ýmislegt sem hún hefur tekið sér fyrir hendur um ævina en hún hefur verið kennari í húsmæðraskóla, unnið á barnaheimili og leik-



Hún hefur lengi verið í stjórn Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og hefur verið formaður félagsins síðastliðin fjögur ár. "Draumur minn og félagsins er að klæða öll fell bæjarins skógi" segir Elísabet, eins og sjá má er skógur í hlíðum Úlfarsfells frá landamerkjum Reykjavíkur að Skarhólum, samfelldur skógur verður frá Helgafelli að Nóngili í Helgadal, úr Þormóðsdal um Hafrahlíð inn í land Akra neðan við Borgardal og í Lágafelli en þetta eru þeir staðir sem eru í augsýn flestra. "Nú er verið að planta í ofanverðan Skammadal. Síðan 1990 hafa fermingarbörn hvers árs komið og unnið að gróðursetningu Landgræðsluskóga plantna, nú geta mörg þeirra sem eru orðin fullorðið fólk farið í lautarferð með börnin sín í skóg sem þau gróðursettu á sínum tíma. Við þessa vinnu eykst lífsgleði og fjör, fleiri mættu eiga þess kost að njóta þess" segir Elísabet.

Elísabet er einnig formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar fyrir Vinstri-Græna og er hlutverk nefndarinnar mjög víðfeðmt. M.a. eftirlit með náttúruvernd, skógrækt, landgræðslu, landbúnaðarmálum og búfjáreftirliti, einnig hefur nefndin umsjón með árlegu vali og veitingu fyrirtækja og einstaklinga fyrir fallegt umhverfi.





Elísabet er gift Sveini Frímannssyni skipasmíðameistara og eiga þau fjögur börn þau Sigrúnu, Böðvar, Frímann og Kjartan, dóttir þeirra er búsett í Noregi og á hún eina dóttur, þrjú barnabörn eiga þau hjón þar að auki. "Við hjónin höfum farið til Noregs á hverju ári um nokkurt skeið" segir Elísabet auk bess að ferðast innanlands, "við höfum einnig verið að lesa Íslendingasögurnar hjá Endurmenntunarstofnun og höfum farið í kynnisferðir með þeim bæði um okkar land og önnur, einnig höfum við farið í ferðir með Skógræktarfélagi Íslands okkur til mikillar ánægju segir þessi krafmikla kona að lokum."

Árið 1952 - Fermingardagurinn







Erla F. Óskarsdóttir fékk á dögunum afhenta nýja íbúð sem hún festi kaup á í Háholti 4a. Íbúðin er sannkölluð lúxusíbúð og hvergi er til sparað við að hafa hana sem glæsilegasta. Það var Hörður Baldvinsson byggingarverktaki sem afhenti Erlu íbúðina. Hörður sagði við blaðamann að íbúðirnar verði allar með svipuðu sniði og að fjöldinn allur af sérfræðingum á borð við lýsingarog innanhúsarkítekta kæmu að hönnuninni til þess að nýta hugvit og tryggja glæsileika. Til dæmis má nefna að í hverri íbúð verður nuddbaðkar, stillanlegt gólfhitakerfi frá Danfoss og borðplötur í eldhúsi og á baðherbergi eru úr

graníti. "Þessar íbúðir eru fyrst og fremst fyrir vandláta sem vilja láta fara vel um sig" sagði Hörður. "Það á eftir að fara vel um mann hérna. Þetta er náttúrulega alveg miðsvæðis í bænum og stutt í alla þjónustu. Ég er alveg himinlifandi yfir kaupunum," sagði Erla við blaðamann. Fyrir þá sem vilja skoða íbúðina verður opið hús á milli kl. 18 og 19 mánudagana 4. og 11. júní. Þess má einnig geta að íbúðin verður til umfjöllunar í sjónvarpsþættinum Innliti/útliti á Skjá einum innan skamms. Það er fasteignasalan Berg sem sér um sölu á íbúðunum og hægt er að nálgast upplýsingar um þær á vefslóðinni www.berg.is.





Hér gefur að líta eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og Erlu í nýju stofunni sinni.













Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ

Sumarnámskeið í Álafosskvos

Ævintýralegt námskeið fyrir börn 6-11 ára

11.-22. júní, 13.-17. ágúst, kl. 9-12.

Vinsæla ævintýranámskeiðið verður nú haldið 3. árið í röð.

Myndlist, heimspeki, tónlist, dans,

stuttmyndagerð, útivera, dagsferð í Hvalfjörð.

Kennarar: Helga Jóhannesdóttir leirlist, Helga Arnalds brúðugerð, Jón Thoroddsen heimspeki og myndlist, Berglind Björgúlfsdóttir dans og tónlist, Kristín María Ingimarsdóttir

stuttmyndagerð. Námskeiðsgjald kr. 17.000

Stuttmyndagerð fyrir börn 10-12 ára

13.-17. ágúst kl. 9-12:30.

Kennari: Steindi jr. Námskeiðsgjald kr.8.000

Stuttmyndagerð fyrir unglinga 13-16 ára

13.-17. ágúst kl. 13-16:30.

Kennari: Steindi jr. Námskeiðsgjald kr.8.000

Ljósmyndun fyrir börn 10-12 ára

13.-17. ágúst, kl. 9-12.

Kennari: Magnús Már Haraldsson. Námskeiðsgjald kr.7.500

Ljósmyndun fyrir unglinga 13-16 ára

13.-17. ágúst, kl. 13-16

Kennari: Magnús Már Haraldsson. Námskeiðsgjald kr.7.500

Upplýsingar og innritun í s. 695-6694

KNATTSPYRNUSKÓLI AFTURELDINGAR OG JAKÓ

Spennandi knattspyrnunámskeið fyrir káta krakka á aldrinum 6-13 ára

Námskeið 1: 11. júní - 22. júní Námskeið 2: 25. júní - 6. júlí

Námskeið 3. 9. júlí – 20. júlí

Námskeið 4: 23. júlí – 1. ágúst



Fjöldi af vönum leiðbeinendum og þjálfurum. Erlendir leikmenn Aftureldingar aðstoða. Frægir leynigestir heimsækja hvert námskeið.

Glæsilegar viðurkenningar fyrir alla bátttakendur.

Verð 7.500 fyrir námskeið. Góður afsláttur fyrir systkyni og þá krakka

sem fara á fleiri en eitt námskeið.







Loksins á Íslandi!



THE ART OF LIVING

Í þriðja sinn á Íslandi bjóða alþjóðlegu mannræktar-og sjálfboðaliðasamtökin The Art of Living þér upp á yoga-, öndunar- og hugleiðslunámskeið.

Námskeið sem þetta hefur verið kennt í 151 landi og er öflug aðferð til *að losa streitu og auka vellíðan* bæði andlega og líkamlega. Undirbúa sig fyrir betra sumar.

Meira en 20 milljónir manna um allan heim hafa tekið þátt í námskeiðunum sem leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

> Yoga Öndunartækni Íhugun

Námskeiðið eykur lífsorkuna, sjálfsálitið, hugmyndaflugið, vinnuafköstin og lífsgleðina. Námskeiðið dregur úr streitu, hættu á depurð og angist. Vellíðunartilfinning magnast og við það eykst líkamleg orka.

Verður haldið 22. til 27. júní og er fyrirkomulagið eftirhljóðandi:

Föstudag 19-22 22.júní Laugardag 10-16 23.júní Sunnudag 10-16 24.júní Mánudag 19-22 25.júní Þriðjudag 19-22 26.júní Miðvikudag 19-22 27.júní

Skilyrði fyrir þátttöku er að mæta í alla tímana. Kennt er á ensku og þýtt yfir á ástkæra ylhýra móðurmálið.

Verði er stillt í hóf og rennur allur ágóði til hjálparstarfa á vegum samtakanna.

> Námskeiðsgjald er 23.000 kr, en 14.500 kr fyrir námsmenn, ellilífeyrisþega og atvinnulausa.



Námskeiðið verður haldið í Mosfellsbænum í fallegum sal sem heitir Þrúðvangur og er í Kvosinni beint á móti gömlu Álafossverksmiðjunni.

Nánari upplýsingar og innritun veitir: Lilja Steingrímsdóttir - 692-8302 hjartanslist@yahoo.com

Heyrst hefur...

- ...að Ragnheiður Ríkharðs sé búin að selja í Leirvogstungu og hyggist flytja í Höfðana
- ...að gerður hafi verið starfslokasamningur við Viktor skólastjóra uppá tja... 5 milljónir
- ...að Ingibjörg í Pílus sé búin að selja
- ...að Hlynur Ómars hafi gengið í það heilaga um síðustu helgi
- ...að verktakafyrirtækið Magni hafi heitið 200.000 kr. til handa þeim sem ljóstrar upp um skemmdarverkin í Helgafellslandi á dögunum
- ...að Siggi Valli sé tekinn við Pizzabæ
- ...að Yrja hafi dúxað í FB með glans
- ...að verið sé að leita af útlendingum fyrir næstu handboltavertíð
- ...að Hanna Sím og Anna Gísla hafi skellt sér til Aþenu á leik Liverpool og Ac Milan
- …að næstu helgi fari fram námskeið að Varmá í trampólín-hoppi
- ...að Ómar og Ester eigi von á barni
- ...að Palli kjúklingur sé búinn að gifta sig
- ...að Atli Heimis sé farinn til ÍBV
- ...að Hrefna Jó og Keli hafi eignast stúlkubarn á dögunum
- ...að Óli spá sé búinn að láta klippa sig og hafi sjaldan litið eins vel út
- ...að Hekla Daða sé farin að keppa í mótorkrossi
- ...að bráðlega verði hægt að fá Mosfellsk kryddbrauð á Hróa Hetti um land allt
- ...að Arnar Ó og Jóhanna hafi borið af á Kjaló-ballinu um daginn
- ...að hægt sé að fá ís í brauðformi í nýja bakaríinu í Mosanum
- ...að hátt í 100 manns hafi mætt í kynjareið Harðar á dögunum og skemmt sér konunglega í blíðunni
- ...að Innlit/útlit sé að taka upp í nýju íbúðunum við pósthúsið
- ...að Hafnfirðingar ætli að fjölmenna á næsta deildarleik í fótboltanum þannig að nú mætum við á völlinn. Fimmtudagskvöldið 7. júní
- ...að strákarnir í Stefni sé komnir úr heljarinnar ferð frá Rússlandi

mosfellingur@mosfellingur.is



Eftir að hinum alræmdu samræmdu prófum lauk, þá stóðu foreldrafélög Lágafells- og Varmárskóla og félagsmiðstöðin Ból fyrir óvissuferð fyrir 10. bekkinga. Ferðin tókst í alla staði mjög vel. Við byrjuðum á að fá okkur pizzur í Bólinu í boði Póstsins, og síðan var haldið að Indriðastöðum í Skorradal. Þar var ýmislegt brallað, ættbálkaleikir, grill, dans

og söngur svo að eitthvað sé nefnt, síðan enduðum við daginn í sundlauginni í Borgarnesi áður en haldið var heim. Unga fólkið okkar var, eins og ávallt, sér og sínum til mikils sóma. Pakkir fá allir þeir sem að styrktu þessa ferð, það voru Fasteignasala Mosfellsbæjar, Mosfellsbær og foreldrafélög skólanna. Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn

LOKABALL BÓLSINS

Á lokaballi Bólsins var gríðalega mikið stuð. Þar hélt stuðboltinn mikli Páll Óskar uppi svo miklu fjöri að það þurfti að hleypa öllum út í fimm mínúturtil að lofta út, svo að allir gætu haldið áfram að dansa. Sjaldan hefur sést jafn mikil stemmning í Hlégarði!!! Í ár kveðjum við 10. bekk með tárum og eigum við eftir að sakna þeirra allra óendanlega mikið. Þetta er búið að vera frábært ár og er margt og mikið búið að gerast.

Næsta ár verður þó vonandi ekkert síðra enda allt svo frábærir krakkar



í yngri bekkjunum og stuðið mun aldrei hætta. Við óskum nýútskrifuðum 10. bekkingum til hamingju með áfangann og óskum þeim velfarnaðar í því sem þeir ákveða að taka sér fyrir hendur.

BÓLINU





Guðmundur Jónsson eða.... Mummi á Reykjum



Jón Magnús Jónsson eða... Nonni Maggi

FLEIRI MYNDIR MÁ Á WWW.BOLID.BLOGGAR.IS

Í eldhúsinu

Valhnetuterta

"Mömmu áskotnaðist þessi uppskrift fyrir löngu og hefur þessi terta verið í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni síðan. Hún er því alveg ómissandi í öllum veislum hjá okkur. Þetta er alvöru rjómaterta með hnetum og súkkulaði-kaffi kremi. Best er að gera hana deginum áður en hún er borin fram."

Valhnetuterta

4 stk. eggjahvítur 200 gr. flórsykur 60 gr. valhnetur Eggjahvítur og flórsykur þeytt vel saman. Valhnetur muldar og blandað saman við. Sett í tvö tertuform, bakað við 100-150°C í 1. klst.

HJÁ EVU

Krem: 4stk. eggjarauður 2-3 msk. sykur 60 gr. smjör

100 gr. brætt suðusúkkulaði

1 tsk. Nescafé

1 tsk. vatn

1 peli af þeyttum rjóma á milli



botnanna og kremið ofan á.

SOLAR línan frá L'ORÉAL er rómuð fyrir gæði og glæsileika enda um hágæða sólarlínu að ræða.

Hámarksvörn og uppbygging er í SOLAR línunni fyrir sól, klór og seltu.



l gjafavöruverslun Pílus fæst SOLAR línan á frábæru Sumartilboði.

Ef keyptar eru 3 vörur í SOLAR línunni þá fylgir glæsileg taska eða handklæði frítt





Kjarna - Þverholti 2 Mosfellsbæ Sími 566 6090





12" 999 kr. 16" 1199 kr.





SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvar verður þú að vinna í sumar?



SIGURĐUR: Álverinu á Grundartanga.



GUĐNI: Snælandi.



RAGNHEIÐUR: Broadway



HEIÐAR: Bæjarvinnunni.



HILMAR: Krónunni.



RAGNHEIÐUR: Subway og Shell.



Semí sterk gleraugu?

Syngjandi hér syngjandi kjal

Alvöru hestamenn í stuði

Knapinn knái

Sumarblómin springa út

Hrólfur er lífsstíll sem virkar

TVÍFARAR

Τότι

JUSTIN BERFIELD

KOMINN MEÐ VOR Í PUNGINN

Jæja, þá er loksins komið sumar og vorið í pungnum á mér segir meira en mörg orð um hversu vel þetta sumar leggst í mig. Nú þegar sumarið er gengið í garð og skólafólk loksins komið í frí, tekur við sumarvinna hjá flestum. Ég ákvað því að taka púlsinn á atvinnulífi unga fólksins og meta stöðuna.

Nýja sundlaugin við Lágafellsskóla er meðal vinsælli vinnustaða bæjarins, fyrir unga sem aldna. Í raun eru bara unglingar og gamalt fólk að vinna þarna. Þarna er topp lið á borð við Siggeir, Snæs, Jóhönnu, Gurra, Yrju, Elínu o.f.l.

Ég hafði frétt af því að einhverjir vinir mínir væru á leiðinni út á Grundatanga að sulla í áli svo að ég tók rúntinn þangað. Þegar ég kom þangað hélt ég fyrst að ég væri komin á hraunið. Þvílíkt magn af ógæfupungum saman komnir á einum stað. Það ætti að banna þetta. Robbi, Óli, Siggi, Danni, Jógi, Túri, Steinunn, Tommi og 50 kallinn. Ég reykspólaði í burtu án þess að heilsa svo að fólk myndi ekki fatta að þetta væru vinir mínir. Úff!!!

Eins og fólk hefur kannski tekið eftir er nýr starfsmaður í íþróttahúsinu. Haugur Haugs/Búsi stúts/Viddi/Viðar tók bóngræjuna af Ingó og er sko ekkert á því að fara að skila henni. Hann tekur sig líka vel út þarna með Ásu, Ingó, Kjartani og Línu. Sérstaklega Línu. Svo er hann líka kominn með blettaskalla. Flokksstjórar unglingavinnunnar betta sumarið eru ekki af verri endanum en þar eru samkynhneigðu þrjótarnir og pissiskálarnar saman komin til að píska áfram húðlata unglinga og get ég fullvissað ykkur um að þar verður mikið gaman og ekkert unnið.

En fyrir ykkur sem enga vinnu hafið, þá er kominn tími til að endurskoða lífið í heild sinni, spýta



SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Barnapía óskast

Óska eftir 12-15 ára barnapíu/ peyja til að gæta tveggja ára drengs í júlí. Við búum í Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar hjá Soffíu í síma 8211788.

Garðsláttur!

Ég er vanur og vandvirkur 11 ára strákur. Ég tek að mér að slá garða fyrir fólk. Ég get útvegað sláttuvél og eldsneyti. Samið verður um verð eftir því hve mikill mosi er og hversu hátt grasið er. Þið getið haft samband við mig eftir 8. júní í síma 8997305 milli kl.9 og 13 og eftir kl.16.

Danskar stúlkur óska eftir sumarvinnu

Rikke og Kathrine eru danskar stúlkur, 19 og 20 ára gamlar.
Þær búa í nágrenni
Thisted sem er vinabær Mosfellsbæjar í
Danmörku.
Rikke og Kathrine
eru að ljúka menntaskóla þar sem þær hafa m.a.
lagt stund á leiklist og tónlist.
Þær langar að taka sér frí og koma til Íslands til að kynnast landi og þjóð. Þær óska því eftir atvinnu í 3 mánuði í haust, frá miðjum ágúst fram í miðjan nóvember.

Stelpurnar eru jákvæðar, félagslyndar og duglegar og gætu gjarnan hugsað sér bústörf og útivinnu, en margt annað kemur til greina.

Netfang þeirra er: iben_hjeile@hotmail.com og heimilisfang: Rikke Poulsen, Vandhöjvej 27,7752 Snedsted, Danmark. Auk þess getur Helga Jónsdóttir í Bókasafni Mosfellsbæjar gefið nánari upplýsingar.

veislugarður Hlégarður

s. 566 - 6195



hugurogheilsa.com - hugurogheilsa.com - hugurogheilsa.com

Bowentækni, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð, reiki-heilun, reiki-námskeið, Shiatsu þrýstipunktameðferð

Brynjólfur Einarsson, þerapisti s: 866-0007

TEPPAHREINSUN OG GLUGGAÞVOTTUR

fyrir fyrirtæki, fjölbýli og einstaklinga Brynjólfur Einarsson s: 659-2375

Íslandsgröfur ehf. Mosfellsbæ

ÖLL ALMENN GRÖFUÞJÓNUSTA Á TRAKTORSGRÖFU

Sanngjarnt verð, fljót og góð þjónusta!

Símar 566 8830 og 896 8916 Tölvupóstur: islandsgrofur@islandsgrofur.is



Öll almenn veislu- og veitingaþjónusta

Hvort sem er í heimahús eða í sal **Höfum sali til leigu**

Gæðakokkar - Blikastöðum 2 Símar: 5868412 - 6602440





Bestu pizzurnar í bænum

ÞVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR GK Snyrtistofc Kjarna Pverholti 2 Sími: 534 3424







Flugumýri

Forsteypt atvinnuhúsnæði við Flugumýri í Mosfellsbæ. Húsið er hólfað niður 8 bilum. Hvert bil er með tveimur vönduðum vinduhurðum með mikilli lofthæð. Hitalagnir eru í gólfum. Bilin eru um 136 fm. með milli lofti.



Sími: 588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18 Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047





Byggðarholt

Vel skipulögð og innréttuð 159 fm íbúð í 2ja hæða raðhúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnh, fallegt baðherbergi m/hornbaðkari, rúmgott eldhús og sólpall með skjólveggjum. Falleg íbúð. V. 31,5 m.



Hjallahlíð

Gullfalleg 117,4 fm íbúð á efstu hæð í fallegu fjórbýli auk 24 fm bílskúrs á þessum barnavæna stað í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru þrjú góð svefnherbergi. Sér þvottahús og geymsla í íbúð. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Fallegt eldhús. Í íbúð eru vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni.



Dvergholt

Falleg og mikið endurnýjuð 147,5 fm neðri sérhæð með góðum garði. Glæsilegt eldhús, baðherbergi með flísalögðum sturtuklefa og baðkari. Sér þvottahús og geymsla. Þrjú svefnh með möguleika á því fjórða. Sér inngangur og bílastæði. **V. 28,9 m.**



Hamratangi

Nýtt í sölu. Mjög vel skipulagt 145,6 fm. parhús með innbyggðum bílskúr auk ca 30 fm óskráðs rýmis. Upptekin loft og mikil lofthæð í stofu og eldhúsi. 5 svefnh og 2 snyrtingar. Innangengt úr bílskúr í íbuð. Stórt bílaplan. Góð staðsetning



Háholt

Sannkallaðar 2ja-3ja herbergja lúxusíbúðir í hjarta Mosfellsbæjar. -Fyrsta flokks innréttingar, gólfefni og tæki. -Sérinngangur -Glæsilegt útsýni -Verð frá 24,5 -29,5 Íbúðir fyrir vandláta



Furubyggð

Vel staðsett 108,4 fm. raðhús á einni hæð með sólskála og sér garði við Furubyggð í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi. Mikil lofthæð og stór og björt stofa. Rólegt og barnvænt hverfi. Leikskóli í göngufjarlægð.